

Föstudaginn 21. maí 1993.

Nr. 67/1993.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Steini Ármanni Stefánssyni

(Ragnar Aðalsteinnsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Bifreiðar. Almannahætta. Líkamsmeiðingar. Opinbert réttarfar. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. febrúar síðastliðinn að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Þá krefst ríkissaksóknari þess, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um upptöku og að ákærði verði dæmdur til að greiða sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað.

Hinn skipaði verjandi ákærða hefur krafist sýknu af öllum kröfum ákærvalds, sem fram koma í ákæru, og þess, að sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði greiddur úr ríkissjóði.

I.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, er sannað í máli þessu,

— að ákærði flutti til landsins að minnsta kosti 1.201 g af kókaíni um Keflavíkurflugvöll 4. febrúar 1992,

— að hann ók bifreið tiltekna leið frá Laugardal í Reykjavík og í Mosfellssveit með miklum hraða, allt upp í 160 km/klst., um miðnætti aðfaranótt 18. ágúst 1992,

— að hann ók þar á lögreglubifreið með þeim afleiðingum, að tveir lögreglumenn slösuðust, annar þeirra mjög alvarlega,

— að hann lagði með skærum til lögreglumanns að minnsta kosti einu sinni á árekstrarstað, eftir að hann var kominn út úr bifreið sinni.

Deilt er um, hvort ýmis atriði, sem varða þessa atburði, séu sönnuð. Þá er deilt um heimfærslu til refsíákvæða. Sýknukrafa sú, sem verjandi ákærða hefur sett fram, byggist þó aðallega á því, að ólöglegar aðferðir hafi verið notaðar við rannsókn málsins og við réttarhöld í héraði.

II.

Í ákæru er ákærða gefið að sök meðal annars „að hafa þann 4. febrúar 1992 flutt hingað til lands frá Kaupmannahöfn 1.201 g af kókaíni, sem ákærði ætlaði til sölu hér á landi og hafði í vörslum sínum þar til laust eftir miðnætti aðfaranótt þriðjudagsins 18. ágúst 1992, er lögregla lagði hald á efnið í bifreiðinni VJ-891 á Vesturlandsvegi við Úlfarsfell ...

Telst þetta varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 64, 1974.“

Í 173 gr. a í almennum hegningarlögum segir:

„Hver, sem andstætt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni lætur mörgum mönnum í té ávana- og fíkniefni eða afhendir þau gegn verulegu gjaldi eða á annan sérstaklega saknæman hátt, skal sæta fangelsi allt að 10 árum.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem gegn ákvæðum nefndra laga framleiðir, býr til, flytur inn, flytur út, kaupir, lætur af hendi, tekur við eða hefur í vörslum sínum ávana- og fíkniefni í því skyni að afhenda þau á þann hátt, sem greint er í 1. mgr.“

Varsla og meðferð kókaíns er bönnuð á Íslandi samkvæmt 2. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og 2. gr. reglugerðar nr. 16/1986 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna, svo og lyfjalista, er fylgir reglugerðinni.

Skýrsla ákærða um aðdraganda þess, að hann kom hingað til lands 4. febrúar 1992, og um komu hans til Keflavíkurflugvallar er með ævintýrablæ. Hún bendir til, að nokkurt ráðleysi hafi einkennt athafnir hans. Heldur hann því fram, að hann hafi hinn 4. febrúar ekki haft þann ásetning að selja efnið. Hann segir, að í símtali við mann í Kólumbíu stuttu eftir komuna til Íslands hafi hann verið krafinn um 40.000 Bandaríkjadali fyrir það. Er ljóst, að eftir þetta hafði hann ásetning til að selja það, hver sem ásetningur hans var 4. febrúar. Hann hafði kókaínið í vörslum sínum allt til 18. ágúst. Hefur hann því brotið 173. gr. a í almennum hegn-

ingarlögum með því að hafa efnið í vörslum sínum í því skyni að afhenda það gegn verulegu gjaldi.

III.

Akstri ákærða er lýst í héraðsdómi. Fallast verður á, að hann hafi brotið gegn 168. gr. almennra hegningarlaga með því að raska öryggi bifreiða og umferðaröryggi almennt á leið þeirri, sem hann ók. Ákvæðið í 4. mgr. 220. gr. laganna varðar sérstaklega hættu fyrir líf eða heilsu annarra, og verður því beitt jafnhliða 168. gr. Hefur ákærði einnig brotið þetta ákvæði. Þá hefur hann, eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, brotið 219. gr. laganna. Jafnframt verður beitt ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987, sem í ákæru greinir, þ.e. 1. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 5. gr., 1. mgr. 36. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr., allt sbr. 100. gr., og 3. gr. auglýsingar nr. 250/1987, enda felast í þeim nánari reglur um umferð, þar á meðal heimilan ökuhraða.

IV.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að telja ákærða hafa brotið gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

V.

Um rannsókn málsins og meðferð í héraði er þessa að geta:

Björn Halldórsson lögreglufulltrúi annaðist rannsókn á gerðum ákærða, allt frá því að grunur vaknaði um brot í lok júlí 1992 og þar til 27. ágúst, en með bréfi ríkissaksóknara daginn áður var Rannsóknarlögreglu ríkisins falin rannsóknin. Björn hafði samstarf við Jóhann Jónas Ingólfsson, sem á þessum tíma hafði verið ákærður fyrir fíkniefnabrot, en frá þessum manni bárust Birni fyrst upplýsingar um hugsanlegt brot ákærða, sem ekki hafði verið grunaður um fíkniefnabrot. Björn hafði ekki allt til 18. ágúst, svo að séð verði, samband við yfirmenn lögreglunnar í Reykjavík aðra en Sturlu Þórðarson aðallögfræðing, sem virðist hafa afhent eða látið afhenda Birni nokkurt fé til að nota í þágu rannsóknarinnar. Sturla kom ekki fyrir dóm, og óvíst er, hvort honum var gerð grein fyrir fyrirkomulagi þessarar rannsóknar. Jóhann Jónas gaf fyrst upplýsingar, en kom síðan fram að ósk Björns gagnvart ákærða sem væntanlegur kaupandi kókaínsins. Verður ekki um það efast,

að vegna aðgerða hans í samráði við Björn Halldórsson tók ákærði ákvörðun um að selja Jóhanni Jónasi allt það magn af kókaíni, sem vitað er um, að hann hafi þá haft í vörslum sínum, setti það á einn stað og þá á þann hátt, að það komst í hendur lögreglunnar.

Rannsóknaraðgerðir þær, sem Björn Halldórsson stóð fyrir, voru í því skyni að upplýsa innflutning og dreifingu, sem ráðin var, sem fyrr segir, stuttu eftir 4. febrúar 1992, á miklu magni af kókaíni, sem er mjög hættulegt ávana- og fíkniefni. Tilraunir lögreglunnar til að hefta innflutning og dreifingu slíkra efna eru erfiðleikum háðar, og atvik voru með þeim hætti, að ekki var líklegt, að auðvelt yrði að leggja hald á það efni, sem grunur var á, að ákærði hefði í vörslum sínum. Þegar að því kom, að Jóhann Jónas fékk ákærða til athafna fyrir hvatningu Björns Halldórssonar, var sterkur grunur kominn upp um, að ákærði hefði framið ávana- og fíkniefnabrot. Ekki verður talið, að Jóhann Jónas hafi lokkað ákærða til brots, sem hann hafði ekki ásetning ella til að fremja, eða breytt eðli þess. Jóhann Jónas hefur gefið bæði lögregluskýrslu og dómskýrslu í málinu, og varð kunnugt um þátt hans í því stuttu eftir atburðina aðfaranótt 18. ágúst. Þau atriði, sem hér hafa verið talin, eru innan þeirra marka, sem rannsóknaraðferðir lögreglu við svo sérstakar aðstæður verða að vera. Um slíkar rannsóknir eru ekki lagareglur á Íslandi og verður því að meta þær eftir almennum réttaröryggisreglum. Þess er aftur á móti að geta, að ekki virðast hafa verið næg samráð milli yfirmanna lögreglunnar í Reykjavík um rannsóknina. Er slíks jafnan þörf, til að öruggt eftirlit sé með þessari rannsóknaraðferð, og þess var sérstök þörf í þessu máli, þar sem Jóhann Jónas Ingólfsson hafði verið ákærður, sem fyrr greinir.

Björn Halldórsson hafði komið hlerunarbúnaði fyrir í bifreið, sem hann lét Jóhann Jónas Ingólfsson fá, og var það gert í því skyni að hlusta á og taka upp á segulband samtal Jóhanns Jónasar og ákærða. Tókst þessi fyrirætlun. Var þetta gert með vitund og samþykki Jóhanns Jónasar og því heimilt eftir 1. tl. 87. gr., sbr. 86. gr., laga nr. 19/1991.

Pó að sá ágalli varðandi samráð um lögreglurannsóknina, sem fyrr var lýst, hafi verið á þeirri rannsókn, leiðir það ekki til þess, að ákærða verði dæmd sýkna eða refsilækkun.

Við málsmeðferð fyrir héraðsdómi fóru fram ýtarlegar yfir-

heyrslur, og var nægilegt að styðjast við þær yfirheyrslur við samningu héraðsdóms, sbr. 1. mgr. 48. gr. laga nr. 19/1991. Það athugast, að lokun þinghalds 29. október 1992 varð ekki byggð á c-lið 1. mgr. 8. gr. laga nr. 19/1991.

VI.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið um brot ákærða, svo og með vísan til þess, sem segir í héraðsdómi um heilsu hans, reynslulausn og atriði, sem gæta ber við refsíákvörðun, verður héraðsdómur staðfestur um refsingu, upptöku og sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti 150.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Steinn Ármann Stefánsson, greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. desember 1992.

Ár 1992, föstudaginn 4. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í héraðsdómsmálinu nr. S-105/1992: Ákærvaldið gegn Steini Ármanni Stefánssyni.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 18. september sl., á hendur Steini Ármanni Stefánssyni, fæddum 7. október 1966, til heimilis að Spóahólum 14, Reykjavík, „fyrir stórfellt brot á löggjöf um ávana- og fíkniefni, umferðarlagabrot og líkamsmeiðingar.

I.

Fyrir að hafa 4. febrúar 1992 flutt hingað til lands frá Kaupmannahöfn 1.201 g af kókaíni, sem ákærði ætlaði til sölu hér á landi, og hafði efnið í vörslum sínum þar til laust eftir miðnætti aðfaranótt þriðjudagsins 18.

ágúst 1992, er lögregla lagði hald á efnið í bifreiðinni VJ-891 á Vesturlandsvegi við Úlfarsfell, sbr. II. kafla ákæru.

Telst þetta varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974.

II.

1. Fyrir að hafa frá því laust fyrir miðnætti, sem í I. kafla greinir, er ákærði varð þess var, að honum var veitt eftirför á Sundlaugavegi í Reykjavík, ekið áðurgreindri bifreið þaðan á ofsahraða um Laugarás og Langholtsveg með allt að 135 km hraða og Suðurlandsbraut gegn einstefnu inn á Miklubraut, Ártúnsbrekku og yfir Höfðabakka gegn rauðu umferðarljósi og áfram Vesturlandsveg út úr borginni með allt að 160 km hraða og með þeim akstri margsinnis á þeirri leið raskað umferðaröryggi og stofnað lífi og heilsu vegfarenda í augljósa hættu. Á þessum ökuhraða ók ákærði bifreiðinni viðstöðulaust aftan á lögreglubifreið 305 við Úlfarsfell, sem þar var með blikandi viðvörnarljós og ekið í sömu átt og bifreið ákærða og var ætlað að hindra för hans. Akstur ákærða á lögreglubifreiðina var svo harkalegur, að öðrum lögreglumannanna, sem í henni voru, Jóhannesi Guðjónssyni, var naumlega bjargað meðvitundarlausum út úr lögreglubifreiðinni, skömmu áður en bifreiðin varð alelda, og hlaut hann við áreksturinn lífshættuleg og varanleg líkamsmeiðsli, þ. á m. útbreidda heila- og höfuðáverka, áverka á brjóstakassa, blæðingar í brjósthol og mar á lungnavef, og var hann meðvitundarlaus í öndunarvél í rúma viku. Ökumaður lögreglubifreiðarinnar, Benedikt Lund, hlaut áverka á hálsi, og á báðum bifreiðunum urðu stórfelldar skemmdir.

Framangreind brot ákærða teljast varða við 168. gr., 219. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 5. gr., 1. mgr. 36. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 3. gr. auglýsingar nr. 250/1987.

2. Þá er ákærða gefið að sök að hafa, þegar lögreglumenn hugðust handtaka ákærða, lagt tvívegis til eins þeirra, Lárusar Kjartanssonar, með skærum, og kom annað lagið vinstra megin í brjósthæð, og stöðvaðist oddurinn í minnisbók í brjóstvasa, en hitt lagið kom í vinstri öxl og í gegnum herðaslá og ytra byrði jakka hans.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

III.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til þess samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fikniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fikni-

efna nr. 16/1986 að sæta upptöku á 1.201 g af kókaíni, sem í I. kafla getur“.

Málið var dómtekið eftir munnlegan flutning 18. nóvember sl. Kröfur ákærvalds koma fram í ákæruskjali, en verjandi ákærða gerði þær dómkröfur, að ákærði yrði sýknaður af öllum kröfum ákærvalds í málinu. Þá var gerð krafa um málsvarnarlaun að mati dómsins.

Verða nú rakin málsatvik í stórum dráttum, áður en vikið verður að hverjum ákærulið fyrir sig, og framburður vitna og ákærða rakinn. Við málsatvikalýsinguna er stuðst bæði við það, er fram kom við dómsmeðferð málsins, og frumrannsókn hjá lögreglu.

Ákærði hélt af landi brott í september 1991 og þá áleiðis til Bandaríkja-anna. Dvaldist ákærði þar nokkra daga, en hélt síðan ferð sinni áfram flugleiðis frá Miami og til Bogotá í Kólumbíu. Ákærði komst í samband við fólk í Kólumbíu fyrir milligöngu skyldmennis síns, sem giftur er kólumbískri konu. Ákærði dvaldist í Kólumbíu frá því upp úr miðjum september 1991 og fram að mánaðamótum janúar/febrúar sl. Nokkrum vikum fyrir fyrirhugaða brottför ákærða frá Kólumbíu kvað ákærði mann hafa komið að máli við sig. Kvaðst ákærði hafa kannast við manninn í sjón, en ekki vita á honum frekari deili. Hefði maður þessi beðið sig fyrir tösku til Kaupmannahafnar, og átti ákærði að fá 5.000 dollara fyrir flutninginn og afhenda töskuna manni í Kaupmannahöfn eftir nánari fyrirmælum. Ákærði kvaðst hafa tekið að sér flutninginn, og hefði maðurinn lofað sér því, að í töskunni væri ekki heróín, en ákærði kvað sér hafa dottið í hug, að í töskunni kynnu að vera demantar, falsaðir peningaseðlar eða kókaín. Ákærði kvaðst hafa fengið hluta af þóknun sinni greiddan fyrir fram, en þá komið í ljós, að greiðslan var í fölsuðum dollaraseðlum, sem ákærði kvaðst hafa skolað niður í salerni flugvélarinnar á leiðinni frá Kólumbíu til Madridar, en þar hafði ákærði viðkomu á leið sinni til Kaupmannahafnar. Ákærði kvaðst síðan aldrei hafa hitt í Kaupmannahöfn þann mann, er fyrir fram var ákveðið, að myndi setja sig í samband við ákærða, sem þá gisti á fyrir fram ákveðnu hóteli þar í borg. Í Kaupmannahöfn kvaðst ákærði hafa verið orðinn peningalíttill og vantað 20-30 krónur danskar til að geta greitt þar fyrir máltíð. Þetta hefði endað með því, að ákærði var handtekinn í Kaupmannahöfn. Eftir það var hringt hingað til lands, og sendu foreldrar ákærða honum peninga til Kaupmannahafnar, svo að ákærði gæti gert þar upp reikninga sína, og sömuleiðis var keyptur fyrir ákærða flugfarseðill til Íslands. Ákærði kvað lögregluna hafa skilið við sig, þar sem ákærði hélt með rútu áleiðis á Kastrupflugvöll á leið hingað til lands. Ákærði kvaðst hafa haft símanúmer í Kólumbíu til að hringja í og hafa greint viðmælanda sínum þar frá því, hvernig komið væri, og þá fengið þau fyrirmæli að skilja töskuna ekki eftir, heldur taka hana með

sér. Ákærði kvaðst þá hafa tekið leigubifreið frá flughöfninni og á járnbrautarstöðina í miðri Kaupmannahöfn og sótt þangað töskuna, sem ákærði hafði geymt þar í læstu hólfi. Töskuna flutti ákærði síðan til Íslands 4. febrúar sl.

Eftir komu til landsins kvaðst ákærði enn hafa hringt í sambandsaðila sinn í Kólumbíu og mælt til þess, að maður yrði sendur til Íslands að sækja töskuna. Ákærði kvað viðmælanda sinn hafa greint sér frá því, að í töskunni væru 1200 g af hreinu kókaíni og ákærði yrði að sjá um að koma 40.000 Bandaríkjadollurum til Kólumbíu fyrir innihald töskunnar.

Síðar verður lýst nánar samskiptum ákærða og Jóhanns Jónasar Ingólfssonar um meðferð fíkniefnanna. Hinn 17. ágúst sl. var síðan reynt að handtaka ákærða við sundlaugarnar í Laugardal. Handtakan tókst ekki, og ók ákærði af vettvangi og kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, að það var lögreglan, sem kom þar að. Ákærða var síðan veitt eftirför út úr borginni og áleiðis upp í Mosfellsbæ, þar sem harður árekstur varð á Vesturlandsvegi, svo sem lýst verður nánar síðar, en við áreksturinn slösuduðst tveir lögreglumenn og annar mjög alvarlega.

Á vettvangi á Vesturlandsvegi veittist ákærði að lögreglumanni með skærum og lagði til hans í tvígang, áður en ákærði var færður í handjárn, en ákærði kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, að um lögreglumann væri að ræða.

I.

Ákærði kom fyrir dóminn 29. október sl. Ákærði kvað þá aldrei hafa staðið til af sinni hálfu að koma hingað til lands með töskuna, er kókaínið reyndist falið í. Ákærði kvaðst hafa verið sendur hingað til lands af Kaupmannahafnarlögreglunni. Þá kvað ákærði það rangt, að hann hefði ætlað efnið til sölu, en það hefði ekki komið til, fyrr en Jóhann Jónas Ingólfsson hefði borið sig eftir því hjá ákærða. Ákærði kvað rétt, að hann hefði haft efnið í vörslum sínum þann tíma, er þar greinir, en kvaðst þess þó fullviss, að efnið hefði ekki verið í bifreiðinni á Vesturlandsvegi, er lögreglan kom þar að. Ákærði taldi efnið hafa verið á lager á vinnustað Jóhanns Jónasar Ingólfssonar.

Áður er lýst dvöl ákærða í Kólumbíu og því, er ákærði tók að sér að flytja töskuna til Kaupmannahafnar, þar sem ókunnur aðili átti að setja sig í samband við ákærða, en af því varð ekki. Ákærði kvaðst þá enn hafa hringt til Kólumbíu og fengið þau fyrirmæli að fara varlega. Ákærði kvaðst hafa tekið ákvörðun um að halda aftur til Kólumbíu eftir flutning töskunnar, þar sem ákærði kvaðst hafa átt að fá 5.000 Bandaríkjadali fyrir flutninginn á töskunni. Áður kvaðst ákærði hafa ákveðið að halda til Íslands, en ekki talið það mjög fýsilegt, þar sem ákærði átti óafplánaðan refsisdóm

hér á landi. Ákærði var síðan handtekinn í Kaupmannahöfn, svo sem lýst hefur verið, og er ákærði var staddur á Kasturflugvelli, kvaðst hann hafa hringt til Kólumbíu og greint frá því, hvernig komið væri. Ákærði kvað manninn hafa beðið sig að skilja töskuna ekki eftir, heldur taka hana með sér. Ákærði kvaðst þá hafa sótt töskuna á járnbrautarstöðina í Kaupmannahöfn, þar sem taskan var geymd í læstu hólfi, og haldið með hana til Íslands 4. febrúar sl. Fljótlega eftir komu til landsins kvaðst ákærði enn hafa hringt í manninn í Kólumbíu og greint frá því, að best væri, að taskan yrði sótt hingað til lands. Viðmælandi ákærða hefði þá greint frá því, að í töskunni væru 1200 g af hreinu kókaíni, og yrði ákærði að sjá um að koma 40.000 Bandaríkjadöllum til Kólumbíu fyrir innihald töskunnar. Ákærði kvað viðmælanda sinn í Kólumbíu hafa gefið í skyn, að eitthvað kynni að henda kunningja ákærða í Kólumbíu, ef ákærði greiddi ekki.

Ákærði kvaðst hafa dvalist á heimili móður sinnar nokkra daga eftir komu hingað til lands, en fljótlega hafið afplánun refsivistar. Í refsivistinni kvaðst ákærði hafa kynnst Jóhanni Jónasi Ingólfssyni, er þeir afplánuðu báðir dóma í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Ákærði kvaðst hafa greint Jóhanni Jónasi frá því, að hann hefði dvalist í Kólumbíu, og hefði Jóhann Jónas þá spurt, hvort ákærði gæti útvegað kókaín, en ákærði kvaðst áður hafa heyrt, að Jóhann Jónas tengdist eitthvað fíkniefnamálum. Ákærði kvaðst hafa greint Jóhanni Jónasi frá því, að hann gæti útvegað kókaín í Hollandi. Ákærði kvaðst ekki hafa greint Jóhanni Jónasi frá því fyrr en eftir lok afplánunar sinnar 26. júní sl., að ákærði hefði aðgang að kókaíni hérlendis. Ákærði kvaðst hafa haft samband við Jóhann Jónas, að því er ákærði taldi, fyrst upp úr miðjum júlí sl. Ákærði kvað hafa verið samið um það, að Jóhann Jónas tæki við eða keypti 500 g til 1 kg af efninu. Ákærði kvaðst hafa afhent Jóhanni Jónasi 50 g sýnishorn skömmu fyrir síðustu verslunarmannahelgi. Ákærði lýsti síðan samskiptum sínum og Jóhanns Jónasar og m. a. því, að komið hefði til tals, að Jóhann Jónas útvegaði ákærða íbúð og vinnu. Ákærði kvað ekki hafa komið til þessa og ákærði tekið á leigu herbergi að Grensásvegi 14 hér í borg, og þar hefði verið samið um sölu ákærða á öllu efninu til Jóhanns Jónasar fyrir 6 milljónir króna, og þar af átту tvær milljónir að greiðast í hollenskri mynt. Þetta hefði gerst föstudagskvöldið fyrir handtöku ákærða, og þá hefði ákærði greint Jóhanni Jónasi frá því, hversu mikið magn kókaíns ákærði hefði undir höndum. Ákærði kvað hafa varðað sig mestu að fá greiðsluna í hollensku myntinni, svo að ákærði gæti staðið í skilum við aðilana í Kólumbíu og um leið létt af þeirri ógnun, er ákærði kvað sér og kunningjafólki sínu í Kólumbíu hafa stafað af þessum aðilum. Ákærði kvaðst ekki hafa leitað til Jóhanns Jónasar um sölu efnisins, heldur hefði Jóhann Jónas leitað til ákærða. Ákærði kvað aldrei hafa komið til greina að

selja efnið nema af því, að hann taldi fullvíst, að efnið yrði flutt til Hollands.

Ákærði kvaðst áður hafa greint Jóhanni Jónasi frá því, að ákærði hefði aðgang að miklu meira magni af kókaíni. Þetta kvaðst ákærði hafa gert í því skyni að vekja áhuga Jóhanns Jónasar. Þegar ákærði var spurður að því, hvort hann hefði þurft að vekja áhuga Jóhanns Jónasar, fyrst það var hann, sem leitaði til ákærða, en ekki öfugt, kvað ákærði svo ekki hafa verið. Ákærði kvaðst hins vegar vera þannig gerður, að hann hefði viljað gera sig mikilvægari í augum Jóhanns Jónasar en efni stóðu til.

Ákærði kvað Jóhann Jónas hafa sótt sig á Grensásveg 14 að kvöldi 17. ágúst sl. og þeir þá ekið víðs vegar um borgina, m. a. að Elliðaám og við Rauðhóla, og kvaðst ákærði þá hafa sýnt Jóhanni Jónasi sýnishorn efnisins, um 200 g, og hefði sá neytt af efninu. Ákærði kvað Jóhann Jónas hafa greint sér frá því, að peningar fyrir efnið væru til reiðu og geymdir á vinnustað Jóhanns Jónasar í Faxafeni. Ákærði kvaðst þá hafa haldið aftur að Grensásvegi 14 og sótt þar afgang efnisins og komið með út í bifreið, sem Jóhann Jónas beið í fyrir utan á meðan, og þá með framan- greind 200 g í sínum vörslum. Skömmu síðar hefði verið haldið á vinnustað Jóhanns Jónasar, og þar hefði bifreiðinni verið ekið niður í bílageymslu, og þar inn af sé lager, sem ákærði kvað hafa verið haldið inn á. Þar hefði taskan með kókaíninu verið skorin í sundur og Jóhann Jónas velt vöngum yfir þyngd efnisins. Jóhann Jónas hefði síðan yfirgefið lagerrýmið og haldið upp á efri hæð hússins til að sækja þangað bæði jakka og lykla að sumarbústað að sögn ákærða. Á meðan Jóhann Jónas var í burtu, kvaðst ákærði hafa sett fíkniefnin í hillu inni á lagernum. Er Jóhann Jónas kom aftur af efri hæðinni, hefði hann greint frá því, að hann þyrfti að sækja peninga, þar sem þeir væru geymdir í húsi hér í borginni. Ákærði kvað Jóhann Jónas þá hafa beðið sig að aka bifreiðinni út úr bílageymslunni, þar sem Jóhann Jónas þyrfti að ganga frá, loka og læsa. Ákærði taldi óhugsandi, að Jóhann Jónas hefði getað nálgast efnið og komið því fyrir í bifreiðinni, en ákærði kvaðst áður hafa komið efninu fyrir í hillu inni á lagernum, svo sem lýst var. Ákærði kvað Jóhann Jónas hafa sett bláa íþróttatösku í eigu ákærða í skut bifreiðarinnar, skömmu áður en ákærði ók bifreiðinni út úr bílageymslunni. Ákærði kvaðst síðan hafa séð Jóhann Jónas gefa einhverjum merki, áður en hann tók aftur við stjórn bifreiðarinnar og hélt áleiðis inn í Laugarneshverfi. Ákærði taldi Jóhann Jónas hafa stöðvað bifreiðina á mótum Rauðalækjar og Bugðulækjar og gefið sér fyrirmæli um að hitta sig við sundlaugarnar í Laugardal. Ákærði kvaðst hafa ekið þangað, en ekki litist á það að bíða þar fyrir allra augum og því hafa ætlað að aka að Laugalækjarskóla og bíða þar eftir Jóhanni Jónasi. Ákærði kvað ómerktri bifreið hafa verið ekið í veg fyrir bifreið

sína í þann mund, er hann hugðist aka út af bifreiðastæðinu við sundlaugarnar, og út úr bifreiðinni hefðu stokkið nokkrir menn og ekki sagt á sér nokkur deili. Ákærði kvaðst hafa talið, að um árás væri að ræða, og því hraðað sér af vettvangi.

Vitnið Jóhann Jónas Ingólfsson verslunarmaður, Sævangörðum 10, Sel-tjarnarnesi, kom fyrir dóminn 2. nóvember sl.

Jóhann Jónas kvaðst hafa kynnst ákærða, meðan þeir afplánuðu báðir refsíðóma í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg fyrir á þessu ári. Jóhann Jónas kvað upphaf þess, að ákærði og Jóhann tóku að ræða um fíkniefni, hafa verið það, að ákærði hefði gefið sig á tal við Jóhann og nefnt, að sér fyndist klefafélagi ákærða ræða opinskátt um fíkniefnaafskipti sín. Jóhann kvað hafa komið í ljós, að ákærði var nýlega kominn til landsins frá Kólumbíu, og hefði ákærði í mörgum útgáfum greint Jóhanni frá því, að ákærði hefði undir höndum allt að 10 kg af kókaíni. Jóhann kvaðst hafa lýst áhuga sínum á Kólumbíuferð ákærða, og eftir lýsingar ákærða kvað Jóhann hafa vaknað hjá sér hugsun um, að eitthvað stórt og mikið væri á ferðinni, eins og Jóhann orðaði það. Jóhann tók fram, að kókaín væri hættuleg vara og mikill skaðvaldur, og með þetta í huga kvaðst hann hafa tekið ákvörðun um að reyna að afla frekari upplýsinga hjá ákærða um, hvað væri á ferðinni, allt í því skyni að koma upplýsingum til réttra yfirvalda, ef efni og ástæða væri til að mati Jóhanns.

Jóhann kvað samskiptum sínum og ákærða í hegningarhúsinu hafa lokið þannig, að ákærði hefði spurt sig, hvort hann mætti hafa samband við sig, er ákærði losnaði úr refsivist, og þá í því skyni að ræða málið frekar. Hugsanleg fíkniefnakaup hefðu komið upp síðar.

Jóhann kvað ákærða síðan hafa haft við sig samband skömmu fyrir síðustu verslunarmannahelgi og ákærði þá lýst áhuga sínum á að eiga kókaínviðskipti við Jóhann. Jóhann kvaðst hafa beðið ákærða að hafa samband við sig daginn eftir. Þetta kvöld eða kvöldið eftir kvaðst Jóhann hafa sett sig í samband við Björn Halldórsson lögreglufulltrúa og eftir það hafa lýst áhuga sínum við ákærða að eiga við hann fíkniefnaviðskipti. Jóhann kvaðst hafa að fyrirmælum Björns Halldórssonar lögreglufulltrúa fengið afhent sýnishorn efnis hjá ákærða í tvö skipti, í fyrra skiptið 10-15 g, afhent í lítilli krukku og plastpoka, og í síðara skiptið lítillræði í 100 kr. seðli. Sýnishornin hefðu verið afhent lögreglu. Jóhann kvaðst ásamt Birni Halldórssyni lögreglufulltrúa hafa dregið þá ályktun af magni sýnishornsins og af því, hvernig umbúðirnar voru, að um mun meira efnismagn hefði verið að ræða, og framhaldið tekið mið af þessu. Jóhann kvað Björn Halldórsson hafa stjórnað ferðinni að öllu leyti og Jóhann gert ýmislegt í því skyni að kalla fram öll þau fíkniefni, er ákærði kynni að hafa undir höndum. Jóhann kvað hafa komið að því, að ákærði greindi frá því, að hann hefði

1½ kg af kókaíni undir höndum, og sagðist Jóhann reiðubúinn að greiða fyrir það 6 til 6½ milljón króna. Jóhann kvað hafa komið fram hjá ákærða, að hann þyrfti á fé að halda til að senda til Kólumbíu, og þá kvaðst Jóhann hafa gefið vilyrði fyrir því, að hluti efnisins skyldi greiddur í erlendri mynt, en ekkert hefði verið endanlega frágengið að þessu leyti.

Um hugsanlegan útflutning efnisins kvaðst Jóhann hafa rætt við ákærða þannig, að alltaf hefði staðið til að selja hér á landi það magn, er markaðurinn hér þyldi, en Holland hafi borið á góma í því samhengi, að Jóhann kvaðst hafa boðist til að aðstoða ákærða við að flytja hluta efnisins úr landi, en þetta hefði verið gert til að reyna að lokka fram allt það magn fikniefna, er ákærði hefði aðgang að.

Jóhann kvað hafa verið ákveðið milli sín og ákærða, að þeir hittust 17. ágúst í því skyni að láta kaupin fara fram, og ákærði þá sagst vera reiðubúinn með 1½ kg af kókaíni, og kvaðst Jóhann hafa lofað að greiða hluta söluandvirðisins þann dag. Jóhann kvað Björn Halldórsson lögreflugulltrúa hafa afhent sér Súbarú-bifreiðina VJ-891, áður en Jóhann hélt til fundar við ákærða að kvöldi 17. ágúst sl. Jóhann kvað Björn hafa greint sér frá því, að í bifreiðinni væri upptökubúnaður, og hefði verið ákveðið að aka á fyrir fram ákveðinn stað í því skyni, að hægt væri að hlýða á samtál ákærða og Jóhanns í bifreiðinni. Er komið var á þennan stað, eftir að ákærði hafði verið sóttur, hefði ákærði dregið upp kókaín, allt að 300-400 g. Jóhann kvað þá ákærða hafa farið víða um borgina þetta kvöld og m. a. að Rauðhólum, þar sem Jóhann kvaðst hafa prófað efnið, og eftir það hefði vakað fyrir sér að reyna að ná fram eins miklu efnismagni og unnt væri, svo að lögreglan gæti handtekið ákærða með efnið undir höndum. Eftir þjark fram og aftur við ákærða um viðskipti þeirra hefði loks verið haldið að Grensásvegi 14 að nýju. Þar hefði ákærði sótt tvær töskur; önnur hefði verið ípróttataska, en hin svört skóla- eða skjalataska. Eftir þetta hefði verið ekið um borgina, þar til kom að því, að ákærði greindi Jóhanni frá því, að allt efnið væri komið í bifreiðina. Jóhann kvað Björn Halldórsson lögreflugulltrúa hafa lagt á það þunga áherslu, að efnið kæmi aldrei í bifreið þá, er Jóhann hefði til umræða. Jóhann kvaðst, er hér var komið, hafa hugsað ráð til, að málið gengi upp, eins og Jóhann orðaði það. Kvaðst Jóhann ekki hafa fundið annað ráð en það, að þeir ákærðu héldu á vinnustað Jóhanns í Faxafeni, þar sem bifreiðinni hefði verið ekið inn í bílageymslu og þeir ákærði síðan haldið inn á lagerpláss. Jóhann kvaðst hafa talið fikniefnin geymd í ípróttatösku þeirri, er var í afturhluta bifreiðarinnar, og tekið þá tösku með sér inn á lagerinn, en ákærði tekið svörtu skjalatöskuna. Ákærði hefði síðan skorið skjalatöskuna í sundur og fikniefnin þá komið í ljós, en Jóhann hefði ekki haft hugmynd um, hvort um hafi verið að ræða 1 eða 2 kg. Jóhann kvaðst hafa reynt að slá vigt á

efnið og talið, að efnismagníð hefði getað verið 1½ kg, en vigtun verið mjög ónákvæm. Jóhann kvað efnið, er ákærði kom áður með í bifreiðina, þ. e. 300-400 g af efninu, sömuleiðis hafa verið flutt inn á lagerinn, en efnið hafði á tímabili verið geymt undir mottu farþega megin í bifreiðinni. Jóhann mundi ekki, hvort tveir eða þrír gulleitir plastpokar hefðu komið í ljós, sem innihéldu fíkniefnið.

Er hér var komið sögu, taldi Jóhann málið gengið upp, eins og hann orðaði það, og einkum hugsað um það, hvernig hann gæti sett sig í samband við lögreglu, þegar þeir ákærði voru staddir í kjallaranum í Faxafeni, en Jóhann kvaðst ekki hafa komist í síma, því að ákærði hefði ekki viljað, að Jóhann hyrfi sér úr augsyn.

Jóhann kvaðst hafa gengið úr skugga um það, að kókaínið væri í bifreiðinni, er farið var úr Faxafeni. Jóhann kvað ákærða hafa ekið bifreiðinni út, en Jóhann lokað skutdyrum bifreiðarinnar og áður fullvissað sig um það, að kókaínið var í bifreiðinni. Jóhann kvaðst sjálfur hafa tekið sundur skornu skjalatöskuna undan borði inni á lagernum og sett sundur skornu töskuna í ípröttatöskuna, en ekki treysta sér til þess að fullyrða, hvor þeirra ákærða setti töskuna í bifreiðina, en Jóhann kvaðst á þessari stundu hafa verið mjög „stressaður“ og hræddur við ákærða, eins og Jóhann orðaði það, og mikil spenna hefði ríkt í Faxafeninu. Fíkniefnin hefðu sömuleiðis verið í töskunni. Jóhann kvaðst ekki vita til þess, að kókaíninu hefði verið komið fyrir í hillu eða á annan hátt í geymslu á lagernum.

Eftir þetta kvað Jóhann hafa verið ekið um bæinn og að lokum í Lækjahverfi. Þar var ákveðið, að Jóhann tæki aðra bifreið, sem hann hafði áður lánað ákærða. Jóhann sagðist þurfa að sækja peninga til að greiða fyrir fíkniefnin, og hefði verið ákveðið, að þeir ákærði hittust við sundlaugarnar í Laugardal skömmu síðar. Jóhann kvaðst síðan hafa fengið að hringja í húsi við Bugðulæk hjá sér ókunnu fólki og náð sambandi við Björn Halldórsson lögreglufulltrúa og greint honum frá því, hvar ákærði væri staddur og að hann hefði fíkniefnin í bifreiðinni. Jóhann kvaðst síðan hafa bedið hjá fólkinu, þaðan sem hann hringdi, nokkra stund, uns hann kvaðst hafa tekið leigubifreið og haldið í Faxafen.

Er Jóhann Jónas Ingólfsson var spurður að því, af hvaða hvötum hann hefði sett sig í samband við lögreglu, svo sem lýst hefur verið, kvað hann umfram allt hafa vakað fyrir sér að koma í veg fyrir það, að fleiri lentu í hinu sama og hann sjálfur, og vísaði hann þá til reynslu sinnar vegna neyslu áfengis og fíkniefna. Að öðru leyti staðfesti Jóhann sem rétta skýrslu sína hjá lögreglu, þar sem hvötunum er lýst, en þar kemur fram, að í fyrsta lagi hefði Jóhann viljað koma í veg fyrir það, að fíkniefnin færu hér á markað. Jóhann kvaðst vonast eftir því, að framgangi sín í máli þessu

hefði „..... jákvæð áhrif á úrslit þess refsímáls, sem nú sé til meðferðar á hendur sér í dómskerfinu“.

Vitnið Björn Halldórsson lögreglufulltrúi kom fyrir dóminn 6. nóvember sl.

Björn kvað Jóhann Jónas Ingólfsson fyrst hafa haft við sig símasamband að kvöldi 30. júlí sl., og kvaðst Björn hafa hitt hann næsta kvöld, en Jóhann hefði greint sér frá því, að maður hefði beðið sig (Jóhann) að selja mikið magn af kókaíni. Björn kvað Jóhann Jónas hafa greint sér frá því, að ákærði hefði undir höndum langt yfir 1 kg af kókaíni og að hann vildi losna við efnið eða a. m. k. hluta þess fyrir verslunarmannahelgina, sem í hönd fór, og að ákærða vantaði peninga.

Björn kvaðst hafa spurt Jóhann Jónas að því, hvers vegna hann setti sig í samband við lögreglu, og hefði Jóhann þá gefið upp þrjár ástæður. Í fyrsta lagi kvaðst Jóhann Jónas vilja vegna fyrri reynslu sinnar af fíkniefnum koma í veg fyrir, að efnið færi hér á markað. Í öðru lagi kvaðst hann hafa vonast eftir því, að framganga sín í máli þessu hefði áhrif á ódæmt refsímál, og í þriðja lagi kvaðst Jóhann sækjast í „spennuna“, er fylgdi slíkum málum. Björn kvaðst engu hafa lofað Jóhanni Jónasi nema nafnleynd.

Björn lýsti því síðan, hvernig Jóhann Jónas Ingólfsson hefði gengið að því, eftir að hann hefði ráðfært sig við sambýliskonu sína og kunningja, að vinna sem uppljóstrari fyrir lögregluna og síðar sem virk tálbeita, en Björn kvaðst hafa lagt fyrir Jóhann Jónas að ráðfæra sig við sig við hvert skref. Björn kvaðst einn hafa tekið ákvörðun um að beita Jóhanni Jónasi sem virkri tálbeitu. Björn kvað einkum hafa vakað fyrir sér að leggja hald á kókaínið og koma þannig í veg fyrir, að efnið færi á markað hér á landi.

Björn lýsti því síðan, er Jóhann Jónas útvegaði sýnishorn og að til hefði staðið að útvega ákærða íbúð, sem ekki varð úr, og að ákærða hefði verið lánuð bifreið, allt í þágu rannsóknar málsins að sögn Björns, og útskýrði Björn, hvers vegna þetta var gert.

Björn kvað síðan hafa komið að því, að hann ákvað að beita Jóhanni Jónasi sem virkri tálbeitu, eins og Björn komst að orði. En það hefði verið, eftir að Jóhann Jónas greindi Birni frá því eftir ákærða, að 1½ kg af kókaíni væri falt. Björn kvaðst ekki hafa vitað, að fyrir ákærða veki að selja efnið, er tekin var ákvörðun um að láta Jóhann Jónas panta efnið, en Björn kvaðst hafa búist við því, að ákærði hygðist selja efnið, fyrst ákærði var að falbjóða það. Björn kvaðst hafa látið fylgjast með ferðum ákærða til að afla upplýsinga úr annarri átt en frá Jóhanni Jónasi einum. Björn kvaðst telja, að við það hefði komið í ljós, að mál ákærða og nafngreinds manns tengdust. Þá kvaðst Björn hafa komið fyrir talstöð í bifreið,

er Jóhann Jónas hafði til umráða, til að heyra ákærða ræða málið milliliðalaust. Segulbandsupptakan liggur frammi meðal gagna málsins.

Björn lýsti því síðan, er Jóhann Jónas lagði inn pöntun hjá ákærða á 1½ kg af kókaíni, sem átti að afhenda að kvöldi 17. ágúst sl. Björn tók fram, að það hefði ekki verið eftir fyrir mælum frá sér, sem Jóhann Jónas pantaði þetta efni, en Björn kvaðst hafa lagt fyrir Jóhann Jónas að panta 1/2 kg. Björn greindi síðan frá eftirliti lögreglu með ákærða 17. ágúst sl. og allt til þess, að reynt var að handtaka ákærða við sundlaugarnar í Laugardal, en áður hafi Björn fengið upplýsingar símleidis frá Jóhanni Jónasi Ingólfssyni um það, hvar ákærði væri staddur við sundlaugarnar og með efnið í bílnum.

Verður nú rakinn framburður vitna, er sáu inn í bifreið ákærða á Vesturlandsvegi og/eða tóku þar þátt í leit í bifreiðinni.

— — —

II.1.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómnum 29. október sl. og gerði þá athugasemd við þennan ákærulið, að hann hefði ekki ekið bifreið sinni viðstöðulaust aftan á lögreglubifreið nr. 305. Ákærði kvaðst hafa reynt að afstýra árekstri, en ekki tekist, en ákærði kvaðst ekki hafa séð blikandi viðvörunarljós lögreglubifreiðarinnar fyrir en mjög seint, enda hefðu viðvörunarljósín ekki verið kveikt fyrir en of seint.

Ákærði kvaðst hafa verið staddur á bifreiðinni VJ-891 á leið út af bíla-stæðinu við sundlaugarnar í Laugardal, er ómerktri bifreið hefði verið ekið í veg fyrir bifreið sína og út úr bifreiðinni stokkið nokkrir óeinkennis-klæddir menn, sem hefðu ekki sagt á sér nokkur deili og ekki borið þess merki, að þeir væru lögreglumenn. Ákærði kvaðst hafa talið, að um árás væri að ræða, og því hafa talið viðbrögð sín eðlileg, þ. e. að hraða sér af vettvangi hið snarasta. Ákærði kvaðst hafa veitt því athygli, er hann var staddur í bifreið sinni á Sundlaugavegi, að sér væri veitt eftirför. Ákærði kvaðst síðan ekki hafa orðið var við, að sér væri veitt eftirför, fyrir en hann var staddur á Vesturlandsvegi móts við innakstur í Grafarvogshverfi, nærri hliðarvegi upp að Hafravatni. Ákærði kvaðst hafa veitt þessu athygli, er bifreið hefði verið ekið upp að hlið bifreiðar sinnar og þrívægis verið ekið utan í hana. Bifreið þessi hefði ekki verið merkt á nokkurn hátt þannig, að ákærða væri unnt að sjá, að um lögreglubifreið væri að ræða.

Ákærði kvaðst hafa sett eftirförina í beint samband við meðferð ákærða á fíkniefnum, sbr. ákærulið I. Ákærði kvaðst hafa talið, að um tvo möguleika væri að ræða. Annar væri sá, að einhverjir ókunnir aðilar vildu komast yfir fíkniefnin fyrir ekki neitt hjá ákærða, hinn kosturinn sá, að lög-reglan veitti sér eftirför, en ákærði kvaðst, svo sem rakið var, ekki hafa

séð nein merki þess, að lögregla væri þarna á ferð. Ákærði kvaðst hafa verið hræddur um, að menn á vegum Jóhanns „ætlðu að koma mér fyrir“, eins og hann komst að orði. Ákærði var spurður, hvort hann hefði hugsað um það, hvort fikniefnin væru í bifreiðinni, en ákærði hafði áður borið, að efnin væru á vinnustað Jóhanns Jónasar. Kvaðst ákærði hafa hugsað um það, en ekki hafa meira um það að segja.

Ákærði kvað árekstur hafa orðið milli bifreiðar sinnar og lögreglubifreiðar nr. 305, en ákærði kvaðst hafa reynt að draga úr hraða bifreiðar sinnar fyrir áreksturinn. Ákærði kvað viðvörunarljós lögreglubifreiðarinnar ekki hafa verið kveikt fyrr en örskömmu fyrir áreksturinn og ákærði ekki fyrr en þá gert sér grein fyrir því, að um lögreglubifreið væri að ræða. Ákærði kvaðst ekki hafa séð, hvort ökuljósinn aftan á lögreglubifreiðinni voru kveikt eða ekki skömmu fyrir áreksturinn, en ákærði kvaðst ekki hafa séð til þeirra ljósa. Ákærði kvaðst á ökuleiðinni, er lýst hefur verið, hafa reynt að setja á háu ökuljós bifreiðarinnar, en ákærði kvaðst vera þess fullviss, að ökuljósinn hefðu verið kveikt alla leiðina frá sundlaugunum og þar til áreksturinn varð.

Ákærði kvaðst hafa neytt kókains fyrir aksturinn, sem lýst er í þessum ákærulið. Ákærði kvaðst hins vegar ekki hafa fundið til nokkurra áhrifa af notkun efnisins og telja, að neyslan hefði ekki haft nein áhrif á sig.

Er ákærði var yfirheyrður fyrir dómnum 18. nóvember sl., kvaðst hann fyrst hafa séð lögreglubifreiðina fram undan, er hún var stödd á öfugum vegarhellingi miðað við akstursstefnu, en ákærði hefði ekið bifreið sinni á rétttri akrein. Ákærði kvaðst nú ekki treysta sér til að fullyrða neitt um það, hvort lögreglubifreiðin hefði verið með blá blikandi viðvörunarljós. Áreksturinn hefði orðið, er lögreglubifreiðinni var ekið af vinstri vegarhellingi og í veg fyrir bifreið ákærða.

Vitnið Björn Halldórsson lögreglufulltrúi kom fyrir dómnum 6. nóvember sl.

Björn kvaðst ásamt Einari Þórarinssyni lögreglumanni hafa reynt að handtaka ákærða við sundlaugarnar í Laugardal, áður en atburðir þeir urðu, er í þessum ákærulið greinir. Vísast til ákæruliðar I um aðdraganda handtökutilraunarinnar. Björn kvaðst hafa verið í ómerktri bifreið, sem stöðvuð var fyrir framan bifreið ákærða, er hann hugðist aka út af bifreiðastæðinu við sundlaugarnar. Björn kvaðst strax hafa stokkið út ásamt Einari og kvaðst hafa náð augnsambandi við ákærða. Kvaðst Björn hafa haldið uppi lögregluskilríkjum sínum. Ekki vildi Björn leggja mat á það, hvort ákærði hefði séð skilríkin, en kvaðst hafa haldið skilríkjunum þannig, að ákærði hefði getað séð þau. Björn og Einar voru báðir óeinkennisklæddir. Björn kvað ákærða hafa rekið bílinn í „bakgír“, og skömmu síðar hefði eftirförin hafist. Björn kvað Hákon Sigurjónsson hafa veitt ákærða eftirför

og skilið Björn og Einar eftir á bílastæðinu. Björn kvaðst síðan hafa séð bjarma af bláum ljósum bregða fyrir á húsveggjum, eftir því sem ofar dró, en ekki kvaðst Björn hafa verið í aðstöðu til að sjá, hvort viðvörunarljósinn kviknuðu inni á bílastæðinu eða er Hákon hefði ekið bifreiðinni út af stæðinu.

Vitnið Einar Matthías Þórarinsson lögreglumaður kom fyrir dóminn 5. október sl.

Bar Einar efnislega á sama veg og vitnið Björn Halldórsson um það, er þeir tveir reyndu að handtaka ákærða við sundlaugarnar í Laugardal. Einar kvað þá Björn hafa verið óeinkennisklædda og komið að bifreið ákærða á óeinkenndri lögreglubifreið, sem Hákon Sigurjónsson hefði ekið. Einar kvað Björn Halldórsson hafa hlaupið drjúgan spotta á eftir bifreið ákærða. Einar kvað Björn Halldórsson hafa haldið á lofti skilríkjum, en Einar kvaðst ekki hafa tekið upp skilríki sín. Vegna viðbragða ákærða tók Einar fram, að ákærði hefði átt að geta gert sér grein fyrir því, að þarna voru lögreglumenn á ferð.

Vitnið Hákon Sigurjónsson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn 2. nóvember sl.

Greindi hann frá því, er hann ók ómerktri lögreglubifreið að bifreið ákærða, sem þá var á leið út af bifreiðastæðinu við sundlaugarnar í Laugardal, og þeir Björn Halldórsson og Einar Þórarinsson héldu út úr bifreiðinni í því skyni að handtaka ákærða. Er þeir Björn og Einar hlupu að bifreið ákærða, hefði henni verið ekið hratt aftur á bak og yfir gangstétt og út á Sundlaugaveg og síðan í austurátt eftir Sundlaugavegi. Hákon kvaðst þegar hafa veitt ákærða eftirför, og strax á bifreiðastæðinu við sundlaugarnar kvaðst Hákon hafa sett blá blikandi viðvörunarljós í framrúðu bifreiðarinnar.

Hákon staðfesti að hafa veitt ákærða eftirför óslitið þá leið, er lýst er í þessum ákærulið, og því ekið næstu bifreið á eftir ákærða, allt þar til komið var í Ártúnsbrekku, er bifreið lögreglumannanna Lárúsar Kjartanssonar og Ólafs Guðmundssonar hefði farið fram úr, og sú bifreið verið næsta bifreið á eftir ákærða, allt þar til áreksturinn varð. Hákon staðfesti, að ákærði hefði ekið gegn einstefnu, svo sem ákært er út af, og gegn rauðu umferðarljósi yfir Höfðabakka. Hákon kvað hraðamæli lögreglubifreiðarinnar hafa sýnt 135 km/klst., er ekið var eftir Langholtsvegi og í Ártúnsbrekku, og á Vesturlandsvegi hefði hraðinn verið aukinn og hraðamælir lögreglubifreiðarinnar sýnt 160 km/klst., og hefði þó heldur dregið í sundur með bifreiðunum. Á Langholtsvegi kvað Hákon lögreglubifreið með blá blikandi viðvörunarljós hafa verið ekið á móti ákærða, og hefði þeirri bifreið verið snúið við, er ákærði ók þar fram hjá.

Hákon kvað litla umferð hafa verið á Langholtsvegi, en nokkur umferð

verið á Vesturlandsvegi og í Ártúnsbrekku og sú umferð einkum komið á móti ákærða. Hákon kvaðst ekki hafa orðið var við gangandi vegfarendur á þessari leið.

Hákon kvað ákærða hafa ekið bifreið sinni tvisvar utan í bifreið lögreglu-mannanna Ólafs Guðmundssonar og Lárusar Kjartanssonar, er bifreið-arnar voru staddar nærri Korpu, en lögreglubifreiðinni var þá ekið upp að hlið bifreiðar ákærða. Hákon kvað öikumæli lögreglubifreiðar þeirrar, er hann ók, skömmu áður hafa sýnt 160 km/klst. og vegalengd milli bifreið-anna ekki styst. Hákon kvaðst ekki hafa séð betur en bifreið þeirra Ólafs og Lárusar væri með blá blikandi viðvörunarljós allt frá því í Ártúnsbrekku og upp í Mosfellsbæ.

Hákon kvaðst, áður en áreksturinn varð, hafa dregist nokkuð aftur úr og ekki séð til lögreglubifreiðarinnar, er ekið var á.

Vitnið Lárus Kjartansson lögreglumaður kom fyrir dóminn 2. nóvember sl.

Bar hann efnislega á sama veg og Hákon Sigurjónsson um akstur ákærða frá sundlaugunum í Laugardal og lýsti ökuleiðinni svo sem gert er í þessum kafla ákæru. Lárus kvaðst hafa séð glampa frá bláum blikandi ljósum í bifreiðinni, sem Hákon Sigurjónsson ók frá sundlaugunum. Lárus kvaðst hafa sett blá blikandi viðvörunarljós í framrúðu bifreiðar sinnar og Ólafs Guðmundssonar, er bifreiðin var stödd við sundlaugarnar, og ljósin verið logandi samfelld, þar til eftirförinni lauk á Vesturlandsvegi. Lárus kvað bifreið Hákonar Sigurjónssonar hafa verið næstu bifreið á eftir ákærða frá sundlaugunum og í Ártúnsbrekku, er bifreið Lárusar og Ólafs fór fram úr og var eftir það næsta bifreið á eftir ákærða, uns eftirförinni lauk. Á Langholtsvegi hefði lögreglubifreið með blá blikandi ljós komið á móti ákærða, en Lárus kvaðst ekki hafa séð, hvort eða hvernig sá ökumaður reyndi að stöðva ákærða. Lárus bar efnislega á sama veg og vitnið Hákon um það, að bifreið ákærða hefði verið ekið utan í lögreglubifreiðina á Vesturlandsvegi, er bifreiðarnar voru á 140-150 km/klst., og þá hefði lögreglubifreiðin verið með blá blikandi viðvörunarljós í framrúðu eins og alla eftirförina.

Lárus kvað tölurverða umferð hafa verið alla leiðina, en hann kvaðst ekki muna eftir gangandi vegfarendum, en Lárus kvað Ólaf Guðmundsson, öku-mann bifreiðarinnar, hafa gefið öikumönnum, er á móti komu, viðvörunar-merki.

Lárus kvaðst hafa séð afturljós lögreglubifreiðar og blá blikandi viðvörunarljós á þeirri stundu, er bifreið Lárusar kom úr beygju á móts við Úlfarsfell, og hefði lögreglubifreiðin þá verið nokkur hundruð metrum fyrir framan. Lögreglubifreiðin hefði verið á sömu akrein og bifreið ákærða, en Lárus kvaðst ekki hafa getað séð eða getað gert sér grein fyrir því, hvort

lögreglubifreiðin var kyrrstæð eða á ferð. Lárus kvaðst engin hemlaljós hafa séð á bifreið ákærða, sem hefði verið ekið viðstöðulaust aftan á lögreglubifreiðina og ekki verið reynt að sveigja bifreið ákærða fram hjá lögreglubifreiðinni. Sér hefði virst bifreiðarnar fastar saman fyrst eftir áreksturinn og lögreglubifreiðin snúist í hring á götunni og eldglæringar komið undan bifreiðinni, og þá hefði kviknað í henni. Eftir að Ólafur stöðvaði bifreiðina, hélt Lárus þegar að bifreið ákærða í því skyni að handtaka hann, sbr. ákærulið II,2.

Vitnið Ólafur Guðmundsson lögreglumaður kom fyrir dóminn 5. nóvember sl.

Vitnið bar efnislega á sama veg og vitnið Lárus Kjartansson o. fl. um eftirförina frá sundlaugunum í Laugardal og þá leið alla, er lýst er í þessum kafla ákæru. Ólafur kvað bifreið þá, er hann ók, hafa verið á eftir bifreið Hákonar Sigurjónssonar frá sundlaugunum, en í Ártúnsbrekku hefði Ólafur ekið fram úr Hákonni og eftir það verið í næstu bifreið á eftir ákærða, allt þar til eftirför lauk. Ólafur kvað blá blikandi viðvörunarljós hafa verið sett upp, strax og eftirförin hófst við sundlaugarnar, og hið sama eigi við um bifreið þá, er Hákon Sigurjónsson ók. Ólafur kvað merкта lögreglubifreið með blá blikandi viðvörunarljós hafa komið á móti ákærða á Langholtsvegi, en Ólafur vissi ekki, hvort ákærði sá til þeirrar bifreiðar nema þá í baksýnisþegli.

Ólafur kvað hraðamæli bifreiðar sinnar hafa sýnt u. þ. b. 130 km/klst. á Langholtsvegi og þá verið jafnt bil milli bifreiðar sinnar og Hákonar Sigurjónssonar. Í Ártúnsbrekku hefði hraðinn verið allt að 140 km/klst. Ólafur kvað bifreið ákærða hafa verið ekið með allt að 150 km/klst., er komið var að umferðareyjum á Vesturlandsvegi, þar sem ekið er inn í Grafarvogshverfi. Er komið var fram hjá þessum gatnamótum, kvað Ólafur ákærða hafa snarhægt á ferðinni vegna bifreiðar fram undan, og þá hefði bifreið komið á móti. Eftir að hafa ekið fram úr bifreiðinni og er komið var yfir brúna á Úlfarsá, kvaðst Ólafur hafa ekið lögreglubifreiðinni upp að hlið bifreiðar ákærða, og hefði ökuhraðinn þá verið 150-160 km/klst. Ólafur kvað hafa vakað fyrir sér að fá einhver viðbrögð hjá ákærða og reyna að fá hann til að stöðva bifreiðina. Ákærði hefði þá ekið í tvígang utan í lögreglubifreiðina og Ólafur þá dregið úr ferðinni og haldið sig fyrir aftan og bilið breikkað milli bifreiðanna. Ólafur kvaðst hafa séð til bifreiða, er komu á móti ákærða, og kvaðst Ólafur hafa reynt að vera nærri miðlinu vegar og reynt að vara við og gefa merki þeim öikumönnum, er á móti komu.

Ólafur kvaðst hafa verið staddur á móts við Úlfarsfell, er hann sá til lögreglubifreiðar fram undan, og hefði hún verið með blá blikandi viðvörunarljós. Lögreglubifreiðin hefði verið nokkur hundruð metra fram

undan. Ólafur kvaðst jafnvel telja, að lögreglubifreiðinni hefði verið snúið við á veginum, áður en henni hefði verið ekið í sömu átt og bifreið ákærða. Ólafur kvaðst aldrei hafa séð lögreglubifreiðina fram undan fara yfir á vinstri vegarhelming í því skyni að reyna að stöðva akstur ákærða. Ólafur kvaðst ekki heldur hafa séð, að lögreglubifreiðinni hefði verið ekið aftur yfir til hægri og í veg fyrir bifreið ákærða, sem hefði reynt að komast fram úr lögreglubifreiðinni þeim megin. Ólafur kvað bifreið ákærða síðan hafa verið ekið viðstöðulaust aftan á lögreglubifreiðina, sem hefði snúist á veginum, er bifreiðarnar losnuðu sundur, eftir að hafa verið fastar saman stutta stund, og síðan hefði kviknað í lögreglubifreiðinni. Ólafur kvað enga umferð hafa komið á móti, er áreksturinn varð, og engin hemlaljós séð á bifreið ákærða og ekki séð ákærða reyna að aka fram hjá lögreglubifreiðinni. Er áreksturinn varð, kvaðst Ólafur hafa verið staddur nokkur hundruð metra frá árekstursstaðnum.

Eftir að Ólafur hafði stöðvað bifreið sína, kvaðst hann þegar hafa haldið að lögreglubifreiðinni, og vísast til framburðar Ólafs, er rakinn er við ákærulið I, um það, er Ólafur tók sér fyrir hendur á vettvangi.

Vitnið Stefán Örn Guðjónsson lögreglumaður kom fyrir dóminn 9. nóvember sl.

Stefán Örn kvaðst hafa unnið við eftirlit með ferðum ákærða 17. ágúst sl. og komið að bifreiðastæðinu við sundlaugarnar um kvöldið og séð þá Björn Halldórsson og Einar Þórarinnsson þar. Stefán Örn kvaðst hafa haldið á eftir þeim bifreiðum, er veittu ákærða eftirför, en ekki hefði verið um eiginlega eftirför af sinni hálfu að ræða. Stefán Örn kvaðst hafa fylgt eftir bláum glampa frá viðvörunarljósum lögreglubifreiðanna, sem eftirförina veittu, og komið á Vesturlandsveg, að því er Stefán taldi, nokkrum mínútum eftir áreksturinn og þegar haldið að lögreglubifreiðinni og síðan fylgt bróður sínum, Jóhannesi Guðjónssyni, á sjúkrahús.

Vitnið Benedikt Lund lögregluvarðstjóri kom fyrir dóminn 5. nóvember sl.

Benedikt kvaðst hafa verið á verði í lögreglustöðinni í Mosfellsbæ ásamt Jóhannesi Guðjónssyni að kvöldi 17. ágúst sl., er tilkynning barst frá aðalstöð lögreglu um, að fíkniefnadeild lögreglunnar veitti manni eftirför og stefnt væri í Mosfellsbæ. Benedikt kvað þá Jóhannes þegar hafa haldið út af lögreglustöðinni, og kvaðst Benedikt hafa ætlað að leggja lögreglubifreiðinni á beinum vegarkafli nærri hliðarvegi niður að Blikastöðum. Benedikt kvaðst síðan hafa séð, að hann myndi ekki ná að aka þangað, þar sem bifreið sú, er veitt var eftirför, hefði verið komin það nærri. Benedikt kvaðst þá hafa ákveðið að leggja lögreglubifreiðinni á akrein í akstursstefnu ákærða undir Hamrahlíð, nánar til tekið 200-300 metra frá Skarhólabraut. Benedikt kvað hafa vakað fyrir sér að reyna að ná lögreglu-

bifreiðinni á allt að 120-130 km/klst. og aka þannig á undan ákærða í því skyni að fá hann til að hægja ferðina, en Benedikt kvaðst áður hafa heyrt í fjarskiptum lögreglu, að ákærði æki eins og brjálæðingur, eins og Benedikt komst að orði. Benedikt kvaðst telja, að lögreglubifreiðin hefði sést úr u. þ. b. 500-600 metra fjarlægð, er komið var úr hægri aflíðandi beygju undir Úlfarsfelli og ekið væri í sömu átt og ákærði. Þannig kvaðst Benedikt hafa beðið átektu og ekkert séð, fyrr en hann sá ökuljós bifreiða, er komu úr suðurátt á mikilli ferð, og kvaðst Benedikt þá hafa talið, að bifreið ákærða væri þar á ferð. Benedikt kvað síðar hafa komið í ljós, að bifreið ákærða hefði einungis haft stöðuljós kveikt og Benedikt því ekki komið auga á bifreiðina fyrr en mjög seint, en þá kvaðst Benedikt telja, að bifreið sín hefði verið búin að ná 50-60 km/klst. Benedikt taldi ljós lögreglubifreiðarinnar, er veitti ákærða eftirför, hafa valdið því, að svo seint sást til bifreiðar ákærða, þar sem hún hafi einungis verið með stöðuljós.

Benedikt kvaðst þá á svipstundu hafa ákveðið að víkja fyrir bifreið ákærða og ekið lögreglubifreiðinni út í vegarbrún hægra megin, og hefði lögreglubifreiðin verið u. þ. b. hálf út af akreininni, er áreksturinn varð. Benedikt kvaðst ekki hafa séð, hvort ákærði reyndi að fara fram úr lögreglubifreiðinni hægra megin, er áreksturinn varð.

Áður en áreksturinn varð, kvaðst Benedikt hafa snúið lögreglubifreiðinni við á Vesturlandsvegi og verið búinn að bíða í u. þ. b. hálfu mínútu, er hann sá til ljósa bílanna, er komu úr suðri. Benedikt kvaðst ekki hafa ekið lögreglubifreiðinni lengra til vinstri en út undir miðlínu vegar, en taldi eftir á að hyggja, að hann hefði ekið niðri í hjólförum á hægri akrein.

Benedikt kvað drjúga umferð hafa verið á leið til Reykjavíkur á þessum tíma, en ekki átta sig á því, hvort bifreið hefði komið úr þeirri átt í þann mund, er áreksturinn varð. Benedikt kvað Ólaf Guðmundsson lögreglumann hafa komið að stuttu síðar og hann aðstoðað sig við að færa Jóhannes Guðjónsson lögreglumann út úr bifreiðinni og út í vegarkant, en lögreglubifreiðin hefði orðið aelda örskömmu síðar. Sjúkrabifreið hefði flutt Jóhannes Guðjónsson lögreglumann á brott.

Benedikt kvaðst hafa verið frá vinnu, frá því að áreksturinn varð, þar til hálfum mánuði fyrir dómsyfirheyrslu 5. nóvember sl. Benedikt kvaðst ekki hafa náð sér fullkomlega og nýlega fengið þann úrskurð hjá lækni, að hann þyrfti hugsanlega að gangast undir uppskurð. Benedikt kvaðst ásamt samstarfsmanni sínum, Jóhannesi Guðjónssyni, hafa verið með bilbælti spennu, er áreksturinn varð.

Vitnið Jóhannes Viggósson rannsóknarlögregluamaður kom fyrir dóminn 9. nóvember sl.

Jóhannes kvaðst hafa verið staddur á Langholtsvegi að kvöldi 17. ágúst sl. og þá í merktri lögreglubifreið með blá blikandi viðvörunarljós, er bif-

reið ákærða hefði komið á móti á mikilli ferð. Jóhannes kvað tvo ómerкта lögreglubíla með blá blikandi viðvörunarljós hafa veitt ákærða eftirför. Jóhannes kvað tilkynningu áður hafa borist um fjarskipti lögreglunnar um aðstoð vegna eftirfarar.

Vitnið Runólfur Þórhallsson lögreglumaður kom fyrir dóminn 5. nóvember sl.

Runólfur kom á vettvang á Vesturlandsvegi og gerði vettvangsupprátt þann, er fylgir gögnum málsins. Runólfur staðfesti uppráttinn og kvaðst hafa mælt og teiknað öll hemlaför á vettvangi, en engin hemlaför eru sýnileg á upprættinum eftir bifreið ákærða.

Vitnið Andrés Þór Sigurjónsson umsjónarmaður kom fyrir dóminn 9. nóvember sl.

Andrés Þór kvaðst hafa séð út um glugga á heimili sínu í Skálatúnsheimili að kvöldi 17. ágúst sl., er lögreglubifreið hefði verið ekið eftir Vesturlandsvegi í átt að Mosfellsbæ, og hefði bifreiðin verið með blá blikandi ljós. Skömmu síðar hefði þessari sömu bifreið verið bakkað í gagnstæða átt. Bifreiðin hefði síðan numið staðar, að því er Andrés Þór taldi, er öku- maðurinn sá bifreið koma frá Reykjavík. Síðan hefði lögreglubifreiðinni verið ekið áfram, að því er Andrési virtist, á fullu afli og eftir miðlínu Vesturlandsvegur og með blá blikandi ljós um 200-300 metra vegarkafila, áður en árekstur varð. Lögreglubifreiðinni hefði síðan verið ekið til hægri og í veg fyrir bifreið þá, er kom frá Reykjavík, og árekstur orðið, og síðan hefði eldur kviknað í lögreglubifreiðinni. Andrés kvað heimili sitt vera í u. þ. b. 700 metra fjarlægð frá árekstursstaðnum. Andrés kvaðst ekki hafa séð bifreið ákærða reyna að fara vinstra megin fram úr lögreglubifreiðinni. Ekki kvaðst Andrés muna, hvort bifreið sú, er lenti á lögreglubifreiðinni, hefði verið með ökuljós eða stöðuljós, en Andrés kvaðst telja sig myndu hafa séð bifreiðina heiman frá sér, jafnvel þótt hún hefði einungis haft stöðuljós, þar sem góð lýsing sé á Vesturlandsvegi á þessum slóðum. Andrés kvaðst engar bifreiðar hafa séð koma í humátt á eftir bifreið ákærða, hvorki með blá blikandi ljós né aðrar.

Hinn 17. nóvember sl. fengust þær upplýsingar frá Grensásdeild Borgarspítala, að ekki væri unnt að yfirheyra Jóhannes Guðjónsson vegna heilsu- haga hans.

II.2.

Ákærði kom fyrir dóminn 29. október sl. og gerði þá athugasemd við þennan ákærulið, að ákærði hefði ekki vitað, að mennirnir á vettvangi væru lögreglumenn. Ákærði kvaðst hafa heyrt einhvern segja við Lárus Kjartansson: „Dreptu hann, skjóttu hann í hausinn.“ Ákærði kvað viðbrögð sín hafa mótast af því, að hann hefði heyrt mennina hóta að drepa sig.

Ákærði kvaðst telja sig hafa vankast við áreksturinn, en eftir stutta stund farið úr bifreiðinni, og er ákærði gekk meðfram bifreiðinni, hefði yngri maðurinn, sem ákærði kallaði svo, komið á móti sér og sagt: „Hvar er hitt helvítið? Er hann dauður?“ Ákærði kvað hinn manninn þá hafa sagt: „Nei, hann er hérna.“ Þá hefði sá yngri sagt: „Skjóttu hann,“ — og þessi orð síðan verið endurtekin. Ákærði kvaðst hafa haft í fórum sínum skæri, er notuð höfðu verið til að skera upp töskuna í Faxafeni, er ákærði var þar staddur ásamt Jóhanni Jónasi Ingólfssyni fyrr um kvöldið, svo sem lýst var að framan.

Ákærði kvað mennina, er komu á móti sér á vettvangi, ekki hafa kynnt sig og ekki sagt á sér nokkur deili og ákærði því gripið til skæranna og muna eftir því að hafa lagt til annars mannanna einu sinni, en ekki muna eftir að hafa lagt til hans í tvígang. Þetta kvaðst ákærði hafa gert í varnarskyni. Ákærði kvaðst ekki muna atburði mjög vel, en þó telja, að gasi hafi verið dælt á sig, um leið og átök urðu á staðnum.

Ákærði kvaðst á þessari stundu ekki hafa séð önnur blikandi viðvörunarljós á staðnum en ljósin á lögreglubifreiðinni, er ekið var á. Ákærði kvaðst fyrst hafa gert sér grein fyrir því, að það var lögreglan, sem veitti sér eftirför, er annar mannanna kom að bifreið ákærða, er ákærði steig út úr bíl sínum. Hefði sá maður brostið í grát og greint frá því, að annar mannanna, sem var í lögreglubifreiðinni og hefði slasast, væri bróðir sinn. Maður þessi hefði verið yngri maðurinn, er ákærði lýsti svo og greint var frá hér að framan.

Vitnið Stefán Örn Guðjónsson lögreglumaður kom fyrir dóminn 9. nóvember sl.

Stefán Örn kom á slystað á Vesturlandsvegi og kvað Lárus Kjartansson lögreglumann hafa sinnt ákærða á vettvangi, en ekki muna, hverjir fleiri komu þar nærri.

Stefán Örn kvaðst þegar eftir komu á vettvang hafa haldið að lögreglubifreiðinni, er stóð í björtu báli, en Stefán Örn kvaðst hafa vitað af bróður sínum, Jóhannesi Guðjónssyni, á vakt hjá lögreglu í Mosfellsbæ. Stefán Örn kvaðst hafa verið hjá bróður sínum allan tímann, sem hann dvaldist á vettvangi, og síðan fylgt honum í sjúkrahúsið á sjúkrahúsi.

Vitnið Lárus Kjartansson lögreglumaður kom fyrir dóminn 2. nóvember sl.

Um aðdraganda komu Lárúsar á vettvang á Vesturlandsvegi vísast til þess, er rakið var að framan af framburði Lárúsar vegna ákæruliðanna hér að framan.

Er Lárus, sem veitti ákærða eftirför, kom á vettvang á Vesturlandsvegi,

kvað hann ákærða hafa verið kominn út úr bifreið sinni, og hefði ákærði hlaupið í suðurátt, þ. e. í átt til Reykjavíkur. Lárus kvaðst hafa kallað á eftir ákærða og skipað honum að stansa og þá greint ákærða frá því, að Lárus væri lögreglumaður. Lárus kvað ákærða þá hafa staðnæmst og snúið sér við og sagt Lárusi, að hann hefði byssu undir höndum, og áður hefði ákærði sett aðra höndina undir jakkann og hótað að skjóta Lárus, ef hann kæmi nær ákærða. Lárus kvað ákærða hafa endurtekið þessar hótanir. Síðan hefði Lárus séð ákærða draga hlut innan úr jakka sínum, og kvaðst Lárus þá hafa séð ákærða með einhvers konar eggvopn í höndum. Kvaðst Lárus þá hafa ákveðið að reyna að afvopna ákærða, áður en hann slasaði bæði sjálfan sig og aðra. Ákærði hefði þá lagt til Lárusar, og kvaðst Lárus hafa fundið, er lagið kom í brjósthæð vinstra megin, og fundið þrýsting undan laginu, sem hefði hafnað í vasabók, er Lárus bar á sér. Ákærði hefði síðan lagt til Lárusar öðru sinni, en þá hefði sér tekist að slá þannig til ákærða, að lagið lenti í öxl eða gekk upp með vinstri öxl. Þá kvaðst Lárus hafa gripið til tárageiss. Hákon Sigurjónsson rannsóknarlögreglumaður hefði komið að í sömu mund. Ákærði hefði verið uppistandandi, er Lárus dældi á hann tárageisi í því skyni að gera hann óvígán og svo að unnt væri að ráða við ákærða. Loks hefði tekist að fella ákærða og þeir Hákon í sameiningu fært ákærða í handjárn. Áður en þetta hefði tekist, hefði ákærði stungið fingrum í augu Lárusar. Eftir þetta kvaðst Lárus hafa haldið að lögreglubifreiðinni, er brann á staðnum, og athugað aðstæður þar.

Vitnið Hákon Sigurjónsson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn 2. nóvember sl.

Um aðdraganda komu Hákonar á staðinn o. fl. vísast til framburðar hans, er rakinn var við ákæruliðina hér að framan.

Hákon kvaðst þegar hafa farið út úr bifreið sinni, eftir að komið var á vettvang á Vesturlandsvegi. Ákærði hefði þá verið kominn út úr bifreið sinni og, að því er Hákon taldi, á leið af vettvangi. Hákon kvað Lárus Kjartansson lögreglumann í fyrstu hafa gengið á eftir ákærða, en síðan samsíða honum. Hákon kvaðst ekki hafa heyrt, hvað þeim fór á milli, nema það, að hann hefði heyrt ákærða segja: „Ég skýt þig.“ Næst kvaðst Hákon hafa séð ákærða fara inn undir jakka sinn og draga þaðan áhald, sem Hákon kvaðst síðar hafa séð, að var skæri. Þá hefði ákærði í tvígang lagt til Lárusar með skærunum, og kvaðst Hákon hafa orðið hræddur um, að ákærði hefði skaðað Lárus. Hákon kvaðst þessu næst hafa komið Lárusi til aðstoðar og náð taki á öðrum fæti ákærða, en ákærði hefði reynt að leggja til sín. Hákon kvaðst þá hafa orðið að sleppa takinu, en skömmu síðar hefði sér tekist að sparka skærunum úr höndum ákærða, og loks hefði tekist að færa ákærða í handjárn.

Niðurstöður.

I.

Svo sem rakið var að framan, bar ákærði, að aldrei hefði staðið til af sinni hálfu að koma með töskuna, sem kókaínið reyndist falið í, hingað til lands, en ákærði kvaðst hafa verið sendur hingað til lands af Kaupmannahafnarlögreglu. Samkvæmt skýrslum lögreglunnar í Kaupmannahöfn var ákærða ekið á aðaljárnbrautarstöðina í Kaupmannahöfn 4. febrúar sl., eftir að ákærði hafði gert upp skuldir sínar í Kaupmannahöfn, svo sem ákærði hefur sjálfur borið. Þar með lauk afskiptum dönsku lögreglunnar af ákærða. Ákærði hefur lýst því, hvernig hann sótti framangreinda tösku, þar sem hún var geymd á aðaljárnbrautarstöðinni í Kaupmannahöfn, eftir að afskiptum dönsku lögreglunnar lauk. Ákærði hefur og lýst því, hvernig og hvers vegna hann tók ákvörðun um að flytja efnið hingað til lands, og koma afskipti dönsku lögreglunnar því ekkert við í þeim skilningi, að ákærði hafi verið af lögreglunni sendur hingað til lands, eins og ákærði bar. Ákærði tók sjálfur ákvörðun um að flytja töskuna hingað til lands 4. febrúar sl., en í töskunni var 1201 g af kókaíni, og ber ákærði refsíábyrgð samkvæmt því.

Samkvæmt þessu telur dómurinn sannað með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi flutt til landsins 1201 g af kókaíni frá Kaupmannahöfn 4. febrúar sl., svo sem ákært er út af.

Ákært er fyrir að hafa flutt kókaínið hingað til lands í söluskyni.

Ákærði hefur fyrir dóminum neitað að hafa ætlað efnið til sölu, og sölu-tilraunir hafi ekki komið til, fyrr en Jóhann Jónas Ingólfsson bar sig eftir efninu hjá ákærða. Ýtarleg rannsókn hefur farið fram á því, hvort ákærði hafi flutt efnið til landsins í söluskyni, og má í þessu sambandi vísa til framburðar, er rakinn var að framan, um þennan ákærulið, svo og til annarra gagna málsins.

Björn Halldórsson bar fyrir dóminum, að ekki hefðu verið uppi sérstakar grunsemdir hjá lögreglu í garð ákærða, er Jóhann Jónas Ingólfsson hafði fyrst samband við lögregluna í lok júlí sl. og greindi frá því, að ákærði hefði boðið sér kókaín til sölu. Eftir að Jóhann Jónas kom til sögu, taldi lögreglan tengsl vera milli ákærða og annars nafngreinds aðila, er talinn var hafa haft kókaín undir höndum.

Ákærði hafði kókaínið lengi í vörslum sínum, en ákærði hóf afplánun refsisdóms fljótlega eftir komu til landsins. En ákærði fékk reynslulausn 26. júní sl., og það var því ekki fyrr en eftir, að afplánun lauk, sem ákærði fór að huga að því að losa sig við efnið, og hafði þá fljótlega samband við Jóhann Jónas Ingólfsson, svo sem rakið hefur verið.

Dómurinn telur ótrúverðugan framburð ákærða um, að efnið hafi ekki verið flutt hingað til lands í söluskyni, en ákærði hefur einnig borið, að

ekki hafi komið til greina af sinni hálfu, að efnið færi á markað hérlendis. Ekki er sannað, að fyrir ákærða hafi vakað að láta mörgum mönnum efnið í té, svo sem kveðið er á um í 173. gr. a almennra hegningarlaga. Hins vegar er einsýnt, að ákærði gat ekki losað sig við kókaínið öðruvísi, en afhending þess varðaði við 173. gr. a almennra hegningarlaga, nema þá með því að fleygja efninu, en það hefur ekki vakað fyrir ákærða, enda hafði hann tækifæri til þess jafnt í Kaupmannahöfn sem hér á landi. Ákærði gerði það hins vegar ekki, heldur ákvað að flytja efnið hingað til lands 4. febrúar sl., svo sem að framan greinir, og hefur því að mati dómsins þá verið búinn að taka ákvörðun um að afhenda efnið á einhvern hátt. Dómurinn telur, að afhending á svo miklu magni jafnhættulegs fíkniefnis, sem hér um ræðir, varði ávallt við 173. gr. a almennra hegningarlaga, og langlíklegasti afhendingarmáti ákærða var sala, eins og síðar kom í ljós. Þá má benda á framburð ákærða, sem kvaðst hafa talið einhverja aðila hafa ætlað að komast yfir efnið hjá sér fyrir ekki neitt. Dómurinn telur þannig sannað með vísan til gagna málsins, en gegn neitun ákærða, að ákærði hafi flutt efnið til landsins í söluskyni, þótt við innflutninginn hafi ekki verið ákveðið, hvort ákærði seldi efnið sjálfur eða afhenti það öðrum til sölu. Rétt er hins vegar að taka fram, að ákæran lýtur ekki að samskiptum ákærða og Jóhanns Jónasar Ingólfssonar. Hugsanleg og/eða fyrirhuguð fíkniefnasamskipti ákærða og Jóhanns Jónasar skipta því ekki máli hér nema í því sambandi að vera til upplýsingar um það, hvort fyrir ákærða hafi vakað í upphafi að selja efnið hérlendis.

Vegna samskipta ákærða og Jóhanns Jónasar annars vegar og vegna samskipta lögreglu og Jóhanns Jónasar hins vegar er rétt að ítreka, að sakarefnið samkvæmt ákærinni lýtur ekki að samskiptum ákærða og Jóhanns Jónasar. Vegna þessa er rétt að geta þess, að við munnlegan flutning málsins tók ákærandi af skarið að þessu leyti og tók sérstaklega fram, að ákæran lyti ekki að þessum samskiptum. Þess vegna er ekki sérstök ástæða til að leysa úr því, hvort samskipti lögreglu og Jóhanns Jónasar hafi verið aðfinnsluverð. Mat sönnunargagna er frjálst, sbr. meginreglur í VIII. kafla laga um meðferð opinberra mála, hvort sem lögregla aflaði gagnanna í samvinnu við Jóhann Jónas eða á annan hátt. Dómsmeðferðin varðandi þessi samskipti laut að því að fá fyllri mynd af því, hvort efnið hefði verið flutt til landsins í söluskyni, svo sem ákært er út af.

Ákærði er ákærður fyrir vörslur efnisins frá 4. febrúar sl. þar til laust eftir miðnætti 18. ágúst sl., er lögregla lagði hald á efnið í bifreiðinni VJ-891 á Vesturlandsvegi, svo sem segir í ákæru.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa haft efnið í sínum vörslum, frá því að efnið var flutt til landsins 4. febrúar sl., en kvaðst þess hins vegar fullviss, að efnið hefði ekki verið í bifreiðinni á Vesturlandsvegi, er lögregla

kom þar að. Ákærði kvað efnið hafa verið skilið eftir á vinnustað Jóhanns Jónasar Ingólfssonar í Faxafeni að kvöldi 17. ágúst sl.

Rakinn hefur verið framburður Jóhanns Jónasar Ingólfssonar hér að framan um það, að hann hafi gengið úr skugga um, að kókaínið væri í bifreiðinni, er þeir ákærði fóru frá Faxafeni að kvöldi 17. ágúst sl. Jóhann Jónas mundi hins vegar ekki, hvor þeirra ákærða hefði sett efnið í bílinn.

Þá var rakinn framburður vitnanna Hákonar Birgis Sigurjónssonar, Lárusar Kjartanssonar, Ólafs Guðmundssonar, Jóhannesar Guðmundssonar, Jónasar Sigurðar Magnússonar, Guðmundar Bogasonar, Jóns Svavarssonar og Steingríms Erlendssonar, sem ýmist sáu umbúðirnar, er síðar reyndust geyma kókaínið, eða efnið sjálft í bifreið ákærða á Vesturlandsvegi. Þá voru teknar bæði ljósmyndir og myndband af kókaíninu, bæði í bifreiðinni og er efnið var tekið úr bifreið ákærða á Vesturlandsvegi. Þá kom fram í framburði þessara átta vitna, að við komu þeirra flestra á vettvang á Vesturlandsvegi, hefði fyrsta hugsunin verið sú að veita aðstoð, þar sem lögreglubifreiðin stóð í ljósum logum og lögreglumaður hafði slasast alvarlega. Allt þetta kemur fram bæði á ljósmyndum og á myndbandi, sem tekið var á vettvangi.

Hjá sumum vitnanna kom fram, að ringulreið hefði verið á vettvangi, og hið sama kemur að nokkru leyti fram á myndbandi því, er tekið var á staðnum. Þá kom fram hjá vitnunum, að farangur í skut bifreiðar ákærða hefði kastast til við áreksturinn, og eitt vitnanna, Guðmundur Bogason, sem fann kókaínið, lýsti því svo, að það, sem var í skut bifreiðarinnar, hefði verið saman kuðlað og í einum haug. Hafa verður þessar staðreyndir í huga, er framburður vitnanna er virtur um það, hvar nákvæmlega efnið fannst í skut bifreiðar ákærða og hver hafi verið innbyrðis afstaða hlutanna þar.

Dómurinn telur samkvæmt þessu langlíklegast, að viðbrögð ákærða strax við sundlaugarnar, sbr. ákærulið II.1, hafi mótast af því, að hann hafi verið að reyna að komast hjá handtöku með kókaínið í fórum sínum. Fullyrðing ákærða um, að kókaínið hafi ekki verið í bifreiðinni á Vesturlandsvegi, er því að mati dómsins og samkvæmt ofanrituðu úr lausu lofti gripin. Dómurinn telur því sannað, að ákærði hafi haft efnið í vörslum sínum, er lögreglan lagði hald á það í bifreiðinni VJ-891, svo sem í ákæru greinir.

Rannsóknastofa í lyfjafræði rannsakaði þrjú sýnishorn af efni því, er lagt var hald á í bifreið ákærða á Vesturlandsvegi. Í niðurstöðunni frá 24. ágúst sl. segir, að öll sýnin hafi verið kókaín. Greint var magn kókaínklóríds í sýnunum, og reyndist það vera 84%, sem svarar til 75% kókaínbasa, 87%, sem svarar til 78% kókaínbasa, og 88%, og svarar það til 79% kókaínbasa.

Dómurinn telur samkvæmt öllu ofanrituðu háttsemi ákærða, sem honum

er gefin að sök í þessum ákærulið, varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, svo sem í ákæru greinir.

II.1.

Verður nú greint frá læknisvottorðum lögreglumannanna, sem voru í lög-
reglubifreið 305, sem ekið var á.

Svo sem rakið var, reyndist við meðferð málsins ekki unnt að yfirheyra Jóhannes Guðjónsson.

Í læknisvottorði Jóhannesar Guðjónssonar frá 18. september sl. segir svo: „Jóhannes slasaðist í umferðarslysi á Vesturlandsvegi aðfaranótt 18. ágúst 1992, þar sem hann sem lögreglumaður var að sinna skyldustörfum. Við komu á slysadeild er Jóhannes meðvitundarlaus. Hann spennir fótleggi, er með skjálfta í höndum, maður nær engu sambandi við hann. Hann er með tvo skurði, annan u. þ. b. 1½ sm langan og hinn u. þ. b. 3 sm langan, aftan við vinstra eyra, sem blæðir mikið úr. Hann er auk þess mikið marinn á hægri upphandlegg og hefur augljóslega fengið áverka á brjóstkaða. Vissum erfiðleikum var háð að halda uppi blóðþrýstingi fljótlega eftir komu, sjúklingur var settur í öndunarvél og þannig séð fyrir eðlilegri og góðri öndun.

Skyndirannsóknir sýndu í fyrsta lagi útbreiddan heilaáverka, þar sem voru smáblæðingar á við og dreif í stóraheila með blæðingar örlitlar í heila-hólf. Merki um útbreiddan alvarlegan höfuðáverka. Í öðru lagi sáust miklar breytingar í báðum lungum sem merki um mar á lungnavef. Auk þess loft-brjóst og blæðingar í brjósthol, hlutur, sem lagaður var með því að setja inn loftsgog í brjósthol í nokkra daga.

Í þriðja lagi vegna blóðþrýstingsfalls var ákveðið að gera skyndiaðgerð á sjúklingi á kviðarholi vegna grunar um blæðingar, en svo reyndist ekki vera.

Í framhaldi af þessu er sjúklingur lagður á gjörgæsludeild, þar sem hann er vistaður í öndunarvél í rúmlega viku. Hann er meðvitundarlaus, hann teygir mjög á neðri útlimum, en hreyfir svolítið hægri hönd, og mikil áhersla er lögð á, að hann stífni ekki upp og stirðni í liðum.

Hann lagaðist smám saman í lungum, og öll sár greru vel.

Gerður var svokallaður barkaskurður til þess að auðvelda hreinsun slíms úr lungum og loftvegum.

Eftir að Jóhannes komst úr öndunarvélinni, hefur hann verið smám saman að vakna upp. Hann hefur andað sjálfur undanfarnar vikur. Hann er að verða ansi (sic) skýr í augum, og hann virðist skilja hluta af því, sem sagt er við hann, en hann getur ekki tjáð sig með tali ennþá.

Varðandi batahorfur er ómögulegt að segja nokkuð ákveðið. Ef sjúkling-

ur nær góðum bata, þá er ábyggilega langur tími þangað til með mikilli endurhæfingu og mikilli þolinmæði.“

Í læknisvottorði Jóhannesar Guðjónssonar frá 7. október sl. segir m. a.: „Jóhannes útskrifaðist af heila- og taugaskurðeild Borgarspítalans á Grensásdeild sama spítala 21. sept. sl.

Þangað var hann fluttur til áframhaldandi endurhæfingar eftir dvölinna hér. Hann er nú í umsjá Guðnýjar Danielsdóttur læknis.

Við útskrift er ástand hans þannig, að hann opnar augun og fylgist með því, sem gerist í kringum hann. Hann tjáir sig ekkert með tali, en svipbrigði eru farin að sjást í andliti, t. d. bros, og hann nikkar höfði til marks um, að hann skilji vissa hluti.

Hann er að hluta lamaður í vinstri líkamshluta og hefur ekki fulla stjórn á hægri útlimum.

Þarna eru liðnar fimm vikur frá slysinu. Einkenni hans gefa þannig merki um alvarlegan höfuðáverka, sem óvíst er nú, að hve miklu leyti gangi til baka. Ljóst er þó, að sjúkrahússvist Jóhannesar kemur til með að verða bæði löng og ströng og felst fyrst og fremst í sjúkrapjálfun og alm. endurhæfingu.

Lokavottorð um áverka Jóhannesar verður vart hægt að gefa út fyrr en að mörgum mánuðum liðnum.“

Aron Björnsson, læknir á heila- og taugaskurðlækningadeild Borgarspítala, ritaði bæði læknisvottorðin.

Í læknisvottorði Benedikts Lund frá 18. september segir svo: „Hinn 18. 8. 1992 kl. 1.18 kom á slysideild Borgarspítalans maður, sem kvaðst heita ofanskráðu nafni. Hann segir, að þá innan við klukkustund áður hafi hann verið í starfi sínu að aka lögreglubifreið, er bifreið, sem önnur lögreglubifreið var í humátt á eftir, kom á eftir honum, og þótt hann væri á ferð, þá ók sá, sem á eftir kom, svo hratt, að hann skall á bifreið Benedikts og virtist ekki hafa hægt á sér, og telur hann, að bifreið sú, sem hann var í, hafi verið á um 50 til 60 km hraða, er bifreiðin skall aftan á hann.

Áreksturinn var svo harður, að báðir bílarnir virtust gjörónýtir, og kviknaði í lögreglubílum, sem hann ók, strax eftir áreksturinn. Hann var í bílbelti, en fékk verulegt högg á háls við þennan árekstur. Hann segist hafa fengið áverka á hálsinn þremur árum áður í slysi og þá hálsbrotnað. Honum finnst, að brotnað hafi aftasti jaxl í efri gómi vi. megin við áverkann nú, og er aumur í neðri kjálka vi. megin og finnst hann þrútin þar. Er með verk vinstra megin í hálsi og höfði. Finnst eins og strengur báðum megin í hálsi og niður í bak. Væg eymsli undan öryggisbelti yfir brjósthol vinstra megin, kvartar einnig yfir mari á sköflungi.

Við skoðun kemur í ljós:

Við skoðun á munnholi er smáhorn brotið á öftustu tönn í efri gómi

vinstra megin. Hann er með sár innan á kinn vi. megin. Eymsli vi. megin í neðri kjálka og bólga yfir því svæði. Eðlilegar hálsþreyfingar. Eymsli hliðlægt í hálsi og yfir slóðurvöðva báðum megin. Ekki bein eymsli yfir hryggjatindum. Eymsli yfir processus mastoideus vöðvafestingum vi. megin í hálsi. Talið vera hálsþnykksáverki, rtg-mynd af kjálka sýnir ekki brot. Fær lyfseðil á bólgueyðandi töflur, Voltaren. Fær að fara úr slysadeild Borgarspítalans með hálskraga og lyfseðil á áðurnefndar töflur.

Kom til skoðunar þann 31. 8. 1992. Hann hefur þá meiri einkenni frá hálsliðum en áður og hefur versnað verulega síðustu viku. Hefur ekki verið tekin rtg-mynd af hálsliðum vegna þessa slyss, en var myndaður fyrir ári út af öðru slysi, og þá sáust breytingar í hálsþryggnum. Er nú sendur í rtg-myndatöku af hálsliðum, og kemur í ljós, að hann er með slitbreytingar á milli IV. og V. hálsliðar, sem hafa aukist frá mynd, sem tekin var fyrir ári. Ekki var hægt að sjá ferska áverka við þessa rannsókn. Hann átti tíma í sjúkraþjálfun vegna fyrri áverka, og gert ráð fyrir, að hann taki út þá tíma í sjúkraþjálfun og hafi samband við okkur, þegar hann er búinn með meðferð hjá sjúkraþjálfara. Ákveðið, að hann hafi áfram hálskraga, og fær útskrifaðar bólgueyðandi töflur, sem hann fékk við upphaflega komu.“

Haukur Árnason, læknir á slysa- og bæklunarlækningadeild Borgarspítalans, ritaði læknisvottorð um Benedikt Lund.

Ákærði hefur borið, að lögreglubifreið 305 hafi ekið í veg fyrir bifreið sína með þeim afleiðingum, að árekstur varð. Vitnið Andrés Þór Sigurjónsson kvað sér hafa virst lögreglubifreiðinni vera ekið áfram eftir miðlínu vegar, áður en árekstur varð. Síðan hafi lögreglubifreiðinni verið ekið til hægri í veg fyrir bifreiðina.

Gengið var á vettvang 10. nóvember og m. a. litið út um gluggann, þar sem vitnið Andrés Þór stóð umrætt kvöld, og tekur ljósmyndir þar, sbr. dómskjal nr. 47. Það er álit dómsins, að ógerlegt sé að sjá með berum augum þaðan, sem vitnið Andrés stóð, hvort bifreið á Vesturlandsvegi, þar sem áreksturinn varð, sé ekið á miðlínu vegar, eða yfirleitt að sjá, á hvorri akrein bifreið þar er. En rétt er að taka fram, að Vesturlandsvegur kemur betur í ljós á þeim tíma, er gengið var á vettvang, en á þeim tíma, er áreksturinn varð 18. ágúst sl. Gengið var á vettvang um bjartan dag, er jörð var snævi þakin og Vesturlandsvegur auður og því eins og svört rás í landslaginu. Þrátt fyrir þetta var ekki unnt að sjá stað bifreiða á slysstað. Atburðurinn varð hins vegar um miðnætti aðfaranótt 18. ágúst sl., er Vesturlandsvegur hefur ekki skorið sig eins úr umhverfinu og hinn 10. nóvember sl.

Svo sem rakið hefur verið, voru engin hemlafiör eftir bifreið ákærða á vettvangi. Dómurinn telur sannað með framburði vitnanna Lárusar

Kjartanssonar, Ólafs Guðmundssonar og Benedikts Lund og að öðru leyti með vísan til gagna málsins, að ákærði hafi ekið bifreið sinni viðstöðulaust á ofsahraða, allt að 160 km/klst., aftan á lögreglubifreiðina, svo sem lýst er í þessum ákærulið.

Að öðru leyti telur dómurinn sannað með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, þ. m. t. framburði vitna, að ákærði hafi gerst sekur um aðra háttsemi, sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telur dómurinn sannað, að ákærði hafi gerst sekur um alla þá háttsemi, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Vísað er til ákærunnar að framan um heimfærslu brota ákærða í þessum ákærulið.

Í 168. gr. almennra hegningarlaga segir, að varðað geti allt að sex ára fangelsi, ef maður raskar öryggi járnbrautarvagna, skipa, loftfara, bifreiða eða annarra slíkra farar- eða flutningatækja eða umferðaröryggi á alfaraleiðum, án þess að verknaður varði við 165. gr. Dómurinn telur 219. gr. almennra hegningarlaga taka til brota ákærða, að því er varðar líkamsmeiðslin, og útiloki þar með 165. gr., sem ekki er ákært út af. Þá telur dómurinn jafnframt, að 168. gr. almennra hegningarlaga taki til almannahættubrota ákærða, sem stöfuðu af ofsaaakstri hans, en ákærði raskaði öryggi bifreiða og annarra slíkra farar- eða flutningatækja og þar með almennu umferðaröryggi á alfaraleiðum, sbr. 168. gr. almennra hegningarlaga. Með akstrinum stofnaði ákærði óákveðnum hagsmunum ótiltekens fjölda vegfarenda í augljósa hættu, en vitni hafa borið um umferð á akstursleið ákærða. Ekki er við dómvenju að styðjast um beitingu 168. gr., eins og hér stendur á. En samkvæmt orðanna hljóðan getur sá, sem er beinn þátttakandi, t. d. í umferð, með akstri bifreiðar valdið almannahættu jafnt og ekki síður en sá, sem ekki er beinn þátttakandi, en í greinargerð með ákvæðinu er í dæmaskyni vísað til utanaðkomandi aðila, sem valda hættunni. Dómurinn telur lagagreinina alls ekki útiloka þann, sem er beinn þátttakandi og veldur þannig hættu, t. d. með ofsaaakstri, og er nær lagi að telja það svo augljóst, að ekki hafi verið talin ástæða til að taka dæmi um það í greinargerð, enda er orðalag greinarinnar í samræmi við þessa skoðun dómsins.

Ákærði hóf strax við sundlaugarnar ofsaaakstur og ók um Laugarás og Langholtsveg með allt að 135 km hraða. Dómurinn telur því almannahættu hafa stafað af akstursmáta ákærða alla leið frá sundlaugunum og á slysstað á Vesturlandsvegi. Með því að heimfæra þessa háttsemi undir 168. gr. almennra hegningarlaga telur dómurinn, að ekki eigi jafnframt að beita tilvitnuðum ákvæðum umferðarlaga og auglýsingar nr. 250/1987, þar sem

168. gr. tæmi sök gagnvart þeim ákvæðum sem og gagnvart 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga, sem þannig verður ekki beitt jafnframt.

Háttsemi ákærða samkvæmt þessum ákærulið varðar því við 168. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.2.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa lagt einu sinni til manns á Vesturlandsvegi eftir áreksturinn. Með vísan til þess framburðar ákærða og að öðru leyti með vísan til framburðar vitnanna Lárusar Kjartanssonar og Hákonar Birgis Sigurjónssonar telur dómurinn sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er honum er hér gefin að sök. Árás ákærða var sérstaklega hættuleg vegna skæranna, sem notuð voru, en skærin, með 13,5 sm blaðlengd, hefðu auðveldlega getað valdið stórfelldu líkams- og heilsutjóni.

Brot ákærða varðar við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, svo sem í ákæru greinir.

Ákærði hefur gengist undir geðheilbrigðisrannsókn, meðan hann hefur sætt gæsluvarðhaldi. Í skýrslu Högna Óskarssonar geðlæknis, dagsettri 27. október, en Högni hefur staðfest skýrsluna fyrir dóminum, segir m. a. svo í kafla, sem ber heitið: Núverandi afbrot. Stytttri aðdragandi: „Svo virðist sem Steinn hafi beitt miklum varúðarráðstöfunum síðustu dagana fyrir atburðinn af ótta við, að með sér væri fylgst. Ekkert kemur fram í frásögn hans né annarra, að hann hafi verið haldinn ranghugmyndum eða ofskynjunum á þessum tíma.“

Í kafla, sem heitir Atburðurinn, segir m. a.: „Hins vegar er engin skynsamleg skýring á því, hvers vegna Steinn flúði af hólm, þegar lögreglan reyndi að handtaka hann við sundlaugarnar. Þá mun hann hafa verið með nokkra skammta af kókaíni á sér, og segir Steinn, að eftir að hann ók af stað, hafi hann gleypst þá í sig, til að þeir fyndust ekki. Skýrir þetta það, hvers vegna svo mikið kókaín magn mældist í þvagi Steins, eftir að hann hafði verið handtekinn.“

Sú hugsun mun hafa verið ríkjandi hjá Steini að forðast handtöku, og ók hann því á ofsahraða sem leið lá út úr Reykjavík. Nokkuð ljóst er, að þegar hann var kominn upp fyrir bæinn, voru kókaínáhrif farin að segja til sín, og virðist dómgreind hans og fjarlægðarskyn hafa truflast verulega við það. Kveðst hann hafa misreiknað sig, þegar hann sá lögreglubílinn fram undan, og í stað þess að aka fram hjá honum ók Steinn á bílinn.“

Kafla í geðrannsókninni heitir Sjúkdómgreining, og er hann á þessa leið: „,295,3, schizophrenia, paranoid.

303, blönduð vímuefnanotkun á tímabilum.“

Við dómsyfirheyrslu 10. nóvember sl. leiðrétti Högni síðargreinda númer-

ið og kvað það eiga að vera 305 í stað 303. Þá kvað Högni íslenska heitið á fyrri sjúkdómnum vera geðklofa með ofsóknarívafi.

Í lokakafla rannsóknar geðlæknisins segir m. a.: „Ættingjum Steins ber nokkuð saman um, að síðustu vikur fyrir handtöku hafi ekki borið á geðrofseinkennum hjá honum, þó svo að örfáum dögum fyrir handtöku sem hegðun Steins verður mjög undarleg, þegar hann rakar af sér hárið. Þó kom ekki fram, að hann væri haldinn neinum ranghugmyndum eða ofskynjunum, sem segðu honum fyrir verkum. Steinn kveðst sjálfur alveg hafa verið laus við slíkt.

Hins vegar er það ljóst, að eftir að Steinn var settur í einangrun í Síðumúlafangelsi, hefur andlegt ástand hans versnað mjög hratt, svo að geðrofseinkenni eru mjög ríkjandi í huga hans og atferli. Upplifun hans og túlkun á raunveruleikanum er því orðin mjög annarleg, þegar geðrannsókn er framkvæmd, jafnvel þó að lyfjameðferð hafi verið hafin nokkru áður.

Rétt er að taka fram að lokum, að ekkert bendir til þess, að Steinn hafi verið haldinn alvarlegum geðrofseinkennum dagana áður en hann var handtekinn.“

Högni Óskarsson geðlæknir kom fyrir dóminn 10. nóvember sl.

Högni gerði geðheilbrigðisrannsókn á ákærða í desember 1987 vegna líkamsárásar, sem Steinn var ákærður fyrir. Í niðurlagi þeirrar skýrslu sagði um ákærða, að augljóst væri, að Steinn teldist sakhæfur.

Í geðheilbrigðisrannsókninni, sem vísað var til að framan, er ekki tekið svo skýrt til orða sem í fyrri rannsókn. Högni kvaðst hafa rannsakað ákærða mjög fljótlega, eftir að ákærði var settur í fangelsi, er rannsóknin í desember 1987 fór fram. Nú hafi hann verið beðinn að rannsaka ákærða, mörgum vikum eftir að hann var settur í fangelsi og orðinn mjög veikur, og því mjög erfitt að meta andlegt ástand hans daginn, sem atburðurinn varð, vegna þeirra breytinga, sem hafi orðið á andlegum högum hans. Högni kvað rannsókn sína nú hafa leitt í ljós, m. a. eftir samtöl við aðila úr fjölskyldu ákærða, að ekkert hefði komið fram í frásögn þeirra, sem benti til þess, að ákærði hefði verið haldinn þeim geðrofum, að raunveruleikatengsl hans hafi verið mjög skert á þeim tíma, er atburðir þeir urðu, sem í ákæru greinir. Með geðrofi kveðst Högni eiga við það, að svo mikil truflun hafi orðið á hugsun og skynjun viðkomandi, að raunveruleikatengsl hafi rofnað verulega, þannig, að túlkun viðkomandi á því, sem var að gerast í kringum hann, bæði líðandi og liðnum atburðum, mótaðist miklu meira af túlkunum á hugarskynjun en á því, sem raunverulega er að gerast.

Högni kvaðst hafa unnið að rannsókn ákærða með 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga í huga, en sér væru þessar lagagreinar kunnar. Er Högni var spurður um það, hvort þessar lagagreinar ættu við ákærða, sagði hann nokkuð ljóst, að 15. gr. ætti ekki við. Högni kvað 16. gr. nálgast

ástand ákærða meira, þar sem ákærði væri haldinn sjúkdómi, þó að hann væri sveiflukennður. Högni kvað erfitt að svara spurningunni um áhrif refsingar og binda svarið við ákærða, en taldi fangelsi í landinu þess almennt vanbúin að vista fanga, sem ættu við einhverja geðsjúkdóma að stríða.

Högni lýsti síðan langvinnum og skammvinnum áhrifum sjúkdóma, sem ákærði er haldinn, og flokkaði þá í grófum dráttum, en ekki er ástæða til að reifa það frekar hér.

Ljóst er af framburði Högna Óskarssonar geðlæknis, sem studdur er öðrum gögnum málsins, m. a. gögnum frá fangelsislækni, að heilsu ákærða hefur hrakað mjög, eftir því sem leið á gæsluvarðhaldið. Vegna þessa voru rýmkaðar heimildir um heimsóknir til ákærða, en ákærði sætir nú svokallaðri lausagæslu.

Svo sem rakið hefur verið, hefur ekkert komið fram, sem bendir til þess, að heilsuhagir ákærða hafi verið þannig, er atburðir þeir urðu, sem í ákæru greinir, að ákærði hafi þá ekki borið fulla ábyrgð á gerðum sínum, og má í þessu sambandi vísa til þess, sem rakið hefur verið hér að framan um andlegt ástand ákærða á þessum tíma. Dómurinn telur ákærða því sakhæfan, þótt ákærði sé haldinn þeim sjúkdómum, sem áður er um getið.

Áður hefur verið vikið að frjálsum mati dómsins jafnt á framburði vitnisins Jóhanns Jónasar Ingólfssonar og öðrum gögnum málsins. Verjandi ákærða taldi Jóhann Jónas hafa stjórnað og leitt öll samskipti þeirra ákærða og að ákærði bæri þannig ekki ábyrgð á því, er gerðist, eftir að farið var frá sundlaugunum í Laugardal, heldur beri lögregla á því ábyrgð, þar sem rannsóknaraðferð sú, er notuð var, hafi hrundið atburðarásinni af stað.

Högni Óskarsson geðlæknir bar fyrir dóminum, að eitt af einkennum sjúkdóms ákærða væri framtaksleysi. Þá sé ákærði háður öðru fólki og að það geti bæði stafað af persónuleika ákærða og á vissan hátt tengst sjúkdómi hans. Þá gat Högni þess, að í tvö horn skipti um það, hvernig ákærði brygðist við gagnvart þeim, er hann treysti. Ýmist kynni ákærði að vera þeim háður, en einnig gæti hann verið óráðþæginn gagnvart þessu sama fólki.

Dómurinn telur ekkert fram komið í málinu, er bendi til þess, að ákærði hafi á þeim tíma, er ákæra tekur til, látið stjórnast af öðrum, heldur beri ákærði fulla ábyrgð sjálfur.

EKKI ER VIÐ ÖNNUR GÖGN AÐ STYÐJAST EN FRAMBURÐ ÁKÆRÐA UM UPPHAF MÁLS ÞESSA. EN SAMKVÆMT FRAMBURÐI ÁKÆRÐA TÓK HANN SJÁLFUR ÁKVÖRÐUN UM AÐ FLYTJA TÖSKU ÞÁ, ER KÓKAÍNIÐ REYNDIST FALIÐ Í, FRÁ KÓLUMBÍU TIL MADRIDAR OG ÞAÐAN TIL KAUPMANNAHAFNAR. SÍÐAN ÁKVAÐ ÁKÆRÐI AÐ FLYTJA TÖSKUNA HINGAÐ TIL LANDS, EN ÁKÆRÐA GRUNAÐI, AÐ Í TÖSKUNNI VÆRU FALIN FIKNIEFNI, EINS OG

ákærði komst að orði. Atburðarásinni lauk í raun ekki fyrr en á Vesturlandsvegi eftir áreksturinn.

Dómurinn telur augljóst, að ákærða hafi þegar verið ljóst við sundlaugarnar í Laugardal, að lögregla var þar á ferð í því skyni að handtaka hann. Svo sem vitnaframburður ber með sér, var ákærða veitt eftirför alla leið í Mosfellsbæ, þangað til áreksturinn varð. Þegar við sundlaugarnar voru sett upp blá blikandi viðvörunarljós á ómerktum lögreglubifreiðum og ekið alla leiðina rétt fyrir aftan ákærða og skömmu fyrir áreksturinn við hlið bifreiðar hans á Vesturlandsvegi. Þá mætti ákærði merktri lögreglubifreið á Langholtsvegi, og var sú bifreið sömuleiðis með viðvörunarljós.

Um skýringar á viðbrögðum ákærða við sundlaugarnar má vísa til þess, er getið var um hér að framan, svo og til geðheilbrigðisrannsóknar Högna Óskarssonar geðlæknis.

Ákærði hefur borið, að kókaínneysla sín að kvöldi 17. ágúst sl. hafi engin áhrif haft á sig. Í niðurstöðu Rannsóknastofu í lyfjafræði frá 22. september sl., þar sem rannsakað var blóð- og þvagsýni, er tekið var úr ákærða eftir handtöku, segir m. a.: „Í blóðinu var hins vegar kókaín, 1,1 míkrog/ml. Niðurstöðutölur kókaínákvörðunar voru staðfestar með massagreiningu.

Magn kókaíns í blóði var svo mikið, að hlutaðeigandi hefur verið með kókaíneitrun, sem gæti hafa verið alvarlegs eðlis og ekki langt frá því að vera banvæn.“

Þessi niðurstaða og framburður Högna Óskarssonar og það, sem rakið var að öðru leyti um þetta hér að framan, þykir skýra viðbrögð ákærða, ofsafengið aksturslag, sem höfðu hinar alvarlegu afleiðingar í för með sér, en framburður ákærða að þessu leyti að engu hafandi. Ákærði ber fulla ábyrgð þrátt fyrir ástandið, sem hann kom sér í með neyslu kókaínsins, sbr. 17. gr. almennra hegningarlaga. Fullyrðing verjanda um, að lögregla beri ábyrgð á því, hvernig fór á Vesturlandsvegi, fær enga stoð í gögnum málsins.

Atlaga ákærða að Lárusi Kjartanssýni lögreglumanni, sbr. ákærulið II.2, var stórhættuleg. Skærin, sem ákærði lagði með til Lárusar, hafa verið rannsökuð ásamt fatnaði, er skærin skemmdu, og vasabókinni, sem annað lagið hafnaði á. Í skýrslu Haralds Árnasonar rannsóknarlögreglumanns, sem hann hefur staðfest fyrir dóminum, segir m. a.: „..... telur undirritaður augljóst, að án fyrirstöðu hefðu umrædd skæri gengið að fullu inn í líkama lögreglumannsins“. Það var samkvæmt þessu hrein tilviljun, að ekki hlaust stórslys af tilefnislausri atögu ákærða að Lárusi Kjartanssýni lögreglumanni.

Við munnlegan flutning málsins lýsti verjandi ákærða fjölmörgum atriðum, sem sýndu að hans mati, hvernig réttaröryggi ákærða hefði verið skert.

Svar við mörgum atriðunum er að finna í því, sem að framan hefur verið rakið, og þá einkum þeim atriðum, er skipta máli vegna þess sakarefnis, sem hér er til úrlausnar. Eitt þessara atriða laut að yfirheyrslu yfir ákærða fyrir luktum dyrum 29. október sl. Sú ákvörðun var tekin með vísan í c-lið 1. mgr. 8. gr. laga nr. 19/1991. Ákvörðun um lokað þinghald var órökstudd, en þinghaldinu var lokað í því skyni að koma í veg fyrir, að vitnið Jóhann Jónas Ingólfsson gæti kynnt sér framburð ákærða, áður en næðist að yfirheyra Jóhann fyrir dóminum. Dóminum þótti þannig veruleg hættu á sakarspjöllum, sbr. c-lið 1. mgr. 8. gr. laga nr. 19/1991, ef þingað væri fyrir opnum dyrum, eins og á stóð í máli þessu. Um það, hvort lokun þinghalds við þessar aðstæður hafi verið heimil og til túlkunar á þessu lagaákvæði, var höfð hliðsjón af greinargerð með þessari grein laganna. En þar segir, að 8. gr. komi í stað 16. gr. eldri laga um sama efni og að greinin feli ekki í sér verulegar efnisbreytingar. Ef c-liður 8. gr., 1. mgr., laga nr. 19/1991 heimilar ekki lokun þinghalds, eins og hér stóð á, hefur við gildistöku laganna orðið mikil efnisbreyting frá eldri lögum, sem heimiluðu lokun þinghalds við þessar aðstæður, sbr. 16. gr. eldri laga, en svo sem segir í greinargerð með 8. gr. laga nr. 19/1991, kemur sú grein í stað 16. gr. eldri laga og átti ekki að fela í sér verulegar efnisbreytingar.

Ákærði hefur því samkvæmt öllu ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákærði hlaut reynslulausn á 80 daga eftirstöðvum refsingar í júní sl. Ákærði hefur með brotum þeim, er hann er nú dæmdur fyrir, rofið skilorð reynslulausnarinnar, og ber að taka hana upp og dæma með, sbr. 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt öllu ofanrituðu verður refsing ákærða hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur frá árinu 1989 hlotið þrjá refsisdóma fyrir líkamsárás, þjófnað og fyrir brot gegn valdstjórninni og hlotið samtals sex mánaða fangelsi skilorðsbundið, en átta mánaða fangelsi óskilorðsbundið. Ákærði gekkst tvisvar undir dómsátt á árinu 1987, annars vegar fyrir umferðarlaga-brot og hins vegar fyrir áfengislagabrot. Á árinu 1989 gekkst ákærði undir dómsátt fyrir umferðarlagabrot, og var hann þá sviptur ökuleyfi í tvo mánuði frá 13. október 1988.

Brot ákærða eru stórfelld, innflutningur mikils magns hættulegs fíkniefnis í söluskyni, ofsaaakstur ákærða í borginni og loks út fyrir borgina, og á akstursleið sinni raskaði ákærði margsinnis umferðaröryggi og stofnaði lífi og heilsu vegfarenda í augljósa hættu og olli með því almanna-hættu. Afleiðingar ofsaaaksturs ákærða eru mjög alvarlegar, og má í því sambandi vísa til læknisvottorða fyrir lögreglumennina Jóhannes Guðjónsson og Benedikt Lund. Tilefnislaus og ofsafengin árás ákærða á Lárus Kjartansson var stórhættuleg og hefði getað valdið stórfelldu líkamstjóni

og jafnvel bana. Algjör tilviljun réð því, að ekki hlaut tjón af þeirri árás.

Refsing ákærða þykir samkvæmt öllu framanrituðu hæfilega ákvörðuð fangelsi sjö ár.

Til frádráttar refsivistinni og með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga komi óslitið gæsluvarðhald ákærða frá því kl. 21.50 18. ágúst sl.

III.

Þess er krafist í ákæru, að ákærða verði gert að sæta upptöku á 1201 g af kókaíni.

Ákærði kveður upptökukröfuna ekki eiga að beinast gegn sér, heldur gegn Jóhanni Jónasi Ingólfssyni.

Vísað er til þess, er rakið var hér að framan um ákærulið I, og vörslur ákærða á kókaíninu. Með vísan til niðurstöðunnar þar ber að dæma ákærða til að sæta upptöku á 1201 g af kókaíni, sem lagt var hald á í fórum hans við handtöku á Vesturlandsvegi, sbr. ákærulið I, en efnið er nú í vörslum lögreglu, merkt efnaskrá nr. 3257. Vegna upptökunnar vísast til 5. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Ákærða er gert að greiða allan sakarkostnað, sbr. 165. gr. laga nr. 19/1991, þ. m. t. 300.000 kr. í saksóknarlaun í ríkissjóð og 400.000 kr. í málsvarnarlaun til Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmans.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Steinn Ármann Stefánsson, sæti fangelsi í sjö ár, en til frádráttar refsivist komi óslitið gæsluvarðhald ákærða frá kl. 21.50 18. ágúst sl.

Ákærði sæti upptöku til ríkissjóðs á 1201 g af kókaíni.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 300.000 kr. í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, og 400.000 kr. í málsvarnarlaun til Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmans.